# FRÉTTABLAÐIÐ

136. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 11. JÚNÍ 2018




**Okkar maður, Hannes Þór Halldórsson, var í þrumustuði á fyrstu æfingu íslenska karlalandsliðsins í Rússlandi í gær þar sem HM í knattspyrnu fer fram og Íslendingar taka þátt í fyrsta sinn. Hannes þarf, eins og strákarnir allir, að vera í fantaformi í fyrsta leik liðsins, gegn Argentínu, en innan þeirra raða er einn besti framherji heims, Lionel Messi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Svandís vill breyta rammasamningnum

**Sérfræðilæknar krefja ríkið um svör. Framtíð sérfræðilækninga utan opinbera heilbrigðiskerfisins er óljós. Sjúklingar gætu þurft að greiða meira eftir áramót. Heilbrigðisráðherra vill að það sé mun skýrara en nú er, hvað það er sem ríkið kaupir af sérfræðilæknum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rammasamningur ríkisins við sérfræðilækna um veitingu heilbrigðisþjónustu utan opinbera heilbrigðiskerfisins verður ekki endurnýjaður í óbreyttri mynd, sem opinn rammasamningur. „Sá samningur yrði mun skýrari um hvað ríkið kaupir af sérfræðilæknum," segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra. Rammasamningurinn felur í sér að ríkið niðurgreiðir og tekur þátt í kostnaði við þá heilbrigðisþjónustu sem veitt er utan opinbera heilbrigðiskerfisins að stórum hluta.

Um áramót rennur út rammasamningur hins opinbera við sérfræðilækna og eru þrír leikir í stöðunni. Í fyrsta lagi að gera nýjan samning við sérfræðilækna, í annan stað að láta núgildandi samning



**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.**

renna út, og sá þriðji að framlengja hann á meðan unnið er að breytingum á honum. Að mati heilbrigðisráðherra er mikilvægt að samningnum sé breytt. Heilbrigðiskerfið sé brotakennt og það þurfi að horfa heildstætt á vanda þess.

Sérfræðilæknar hafa óskað upplýsinga frá heilbrigðisráðherra um hvað hún hyggist gera í málefnum sérfræðilækna. Einstaklingar sem fara í aðgerð í sumar gætu þurft á endurkomu að halda eftir áramót. Verði engir samningar á borðinu þá gæti kostnaður sjúklinga hækkað gríðarlega.

Forstjóri Sjúkratrygginga segir stofnunina hafi fengið fyrirmæli frá velferðarráðuneytinu um að nýjum læknum verði ekki hleypt inn á samninginn óháð mati á þörf fyrir læknana. Það eitt og sér feli í sér brot á núgildandi samningi. **– sa /** **sjá síðu 4.**

**5 DAGAR í HM**



SVERRIR INGI INGASON


ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um HM-æði. 9

**SPORT** Fótboltastelpurnar okkar eru vel gíraðar í leikinn gegn Slóveníu í kvöld. 14



**TÍMAMÓT** Flökkukonan Vigdís Ingvadóttir úr Mýrdal fær loks legstein rúmum sextíu árum eftir andlátið. 16

**LÍFIÐ** Ásgeir Trausti ætlar að pakka kassagítarnum niður í tösku og ferðast innanlands í sumar. 22

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR ● BÓKHALDS-REKSTUR OG RÁÐGJÖF**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg suðlæg átt í dag og smáskúrir vestan til en austlægari og lítils háttar rigning eða súld norðanlands, annars skýjað og þurrt. SJÁ SÍÐU 18

# Horfið aftur til 1918



**Það ráku margir upp stór augu sem áttu leið um miðbæinn í gær, en hátt í tvö hundruð manns komu saman fyrir utan Stjórnarráðið, klædd fötum frá árinu 1918, í því skyni að fagna 100 ára fullveldisafmæli Íslendinga. Gjörningurinn, sem nefnist R1918, er hluti af Listahátíð í Reykjavík sem nú stendur sem hæst. Uppátækið vakti mikla athygli, en búningarnir voru fengnir að láni úr leikhúsum og söfnum landsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ármann verður áfram bæjarstjóri

**KÓPAVOGUR** Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í Kópavogi hafa komist að samkomulagi um myndun nýs meirihluta fyrir komandi kjörtímabil. Málefnasamningur verður kynntur fulltrúaráðum flokkanna í kvöld. Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðismanna í Kópavogi, verður áfram bæjarstjóri og Birkir Jón Jónsson, sem leiðir lista Framsóknar í bæjarfélaginu, verður formaður bæjarráðs. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 36,1 prósent greiddra atkvæða í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum og þar af leiðandi fimm fulltrúa, en Framsóknarflokkurinn hlaut 8,2 prósent atkvæða og einn fulltrúa.



Gamli meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Bjartrar framtíðar hélt eftir kosningarnar í Kópavogi, þar sem Björt framtíð bauð fram með Viðreisn, en ekki var vilji til þess innan Sjálfstæðisflokks að halda samstarfinu áfram. **– ósk**

## 165 milljóna þrot Nesfraktar

**VIÐSKIPTI** Ekkert fékkst upp í tæplega 165 milljóna kröfur sem lýst var í þrotabú félagsins NFFF ehf. Félagið hét áður Nesfrakt NAV ehf. en það var tekið til gjaldþrotaskipta í júlí 2016.

Fyrirtækið var nokkuð stórhuga á tímabili og gerði meðal annars árið 2013 samning við danska fyrirtækið Blue Water Shipping um flutning á öllum sendingum þess hér á landi sem komu til landsins með Norrænu. Í tilkynningu frá fyrirtækinu kom fram að verðmæti samkomulagsins hafi verið rúmlega milljarður króna.

Síðar sama ár tók fyrirtækið yfir rekstur flutningafyrirtækisins Austurfraktar. Um skeið bauð Nesfrakt upp á daglega flutninga frá Reykjavík til flestra þéttbýlisstaða á landinu. **– jóe**

## Fjórði hver ferðamaður frá Kína

**KÍNA** Fyrir árið 2030 verða utanlandsferðir Kínverja 400 milljónir samkvæmt spá kínversks rannsóknaseturs í ferðamálum. Það þýðir að nær fjórði hver ferðamaður sem ferðast um heiminn mun koma frá Kína.

Á undanförnum þremur árum hefur Kínverjum sem fengið hafa vegabréf fjölgað um eitt prósent á ári eða um 14 milljónir en fjöldi íbúa í Kína er nær 1,4 milljarðar. Nú hafa eingöngu níu prósent þeirra vegabréf og þeir fara í 154 milljónir utanlandsferða á ári.

Yfir helmingur Kínverja fer nú í utanlandsferðir á eigin vegum. Oft er um að ræða unga Kínverja og vel stæða, samkvæmt rannsóknum sem norski miðillinn Dagsavisen greinir frá. Norskir markaðsfræðingar ræða nú mögulegan ferðamannastraum frá Kína til Noregs. **– ibs**

**Garðtraktorar**
**fyrir þá kröfuhörðu**




ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# Kitlar í þjálfaraputtana á æfingum í Rússlandi

**Magnús Gylfason er þjóðþekktur fótboltaþjálfari. Hann er hins vegar í öðru hlutverki með íslenska landsliðinu í Rússlandi þar sem hann hefur í nógu að snúast.**

**HM 2018** Magnús Gylfason er staddur með íslenska landsliðinu í Rússlandi sem formaður landsliðsnefndar KSÍ. Hann segir í mörg horn að líta í sínu hlutverki.

„Ég er hálfgerður yfirfararstjóri. Ég tek á því sem kemur upp og hjálpa þjálfurunum, starfsliðinu og leikmönnunum. En við erum aðallega að koma fram fyrir hönd KSÍ út á við, bæði gagnvart Rússunum og gagnvart FIFA,“ sagði Magnús eftir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í gær, þar sem blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af honum. Um 2.000 manns fylgdust með æfingunni sem var opin almenningi.

Íslenski hópurinn lenti í Rússlandi á laugardagskvöldið og kom sér síðan fyrir á hótelinu í Gelendzhik. Öfugt við hvernig hlutunum var háttað á Evrópumeistaramótinu í Frakklandi árið 2016 er íslenski hópurinn ekki með allt hótelið út af fyrir sig.

„Í Frakklandi leigðum við hótel og vorum einir þar. Hér erum við inni á hóteli með öðrum gestum. En við höfum reyndar séð mjög fáa til þessa. Okkur líður vel á hótelinu sem er flott. Allar aðstæður eru einfaldlega hinar bestu,“ bætti Magnús við.

Íslenski hópurinn lagði seinna af stað til Rússlands en áætlað var af þeim sökum að landsliðsþjálfarinn, Heimir Hallgrímsson, setti töskuna sína óvart í rútu sem var á leið í Stykkishólm. Mistökin uppgötvuðust þó blessunarlega fljótt og töskunni var komið aftur í hendur Heimis.

„Það hefur ekkert teljandi komið upp fyrir utan töskuna frægu,“ sagði Magnús og hló. „Völlurinn hérna er frábær og hiti og sól. Þetta er eins og strákarnir vilja hafa það. Sendinefnd frá okkur var búin að koma fimm sinnum og það var allt lagað sem þurfti að laga.“



**Magnús segist hálfgerður yfirfararstjóri ferðarinnar. Hann segir aðstæður allar til fyrirmyndar og eins og strákarnir okkar vilji hafa þær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég hef reynt að ýta því frá mér hingað til. En við svona aðstæður er algjörlega geggjað að þjálfa fótbolta.**
>
> Magnús Gylfason, formaður landsliðsnefndar KSÍ

Magnús er sjálfur þrautreyndur þjálfari og viðurkennir að hann hafi kitlað í þjálfaraputtana á æfingunni í gær.

„Það má segja það. Ég hef reynt að ýta því frá mér hingað til. En við svona aðstæður er algjörlega geggjað að þjálfa fótbolta,“ sagði Magnús.

**ingvithor@frettabladid.is**




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ | 2 ÁRA ÞJÓNUSTA | FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ráðherra segir ekki til of mikils mælst að menn spili eftir reglunum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að setja 64 milljónir í hert eftirlit með heimagistingu, á borð við leiguvefinn Airbnb. „Aðalatriðið er að það er ekki til of mikils mælst að fólk spili eftir reglunum. Þótt við viljum auðvitað almennt hafa eftirlit í lágmarki þá þarf að gera átak í þessum efnum,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála.

Í skýrslu Íslandsbanka um stöðu ferðaþjónustu frá því í apríl kemur fram að um 3,2 milljónir gistinátta hafi verið seldar í gegnum Airbnb í fyrra, af alls 11,6 milljónum gistinátta sem seldar voru á árinu. Til samanburðar seldu hótel landsins um 4,3 milljónir gistinátta árið 2017. Airbnb er þannig orðin næstumfangsmesta gistiþjónusta landsins, með 30 prósenta hlutdeild, og um þrisvar sinnum stærri en sú þriðja umfangsmesta, gistiheimilin. Þá kemur fram að gistinóttum hafi fjölgað um 2,1 milljón á síðasta ári,

**64**

**milljónir verða settar í hert eftirlit með heimagistingu.**

en af þeirri fjölgun hafi Airbnb tekið til sín 76 prósenta hlutdeild.

Þórdís segir að markmiðið með átakinu sé að fleiri skrái sig og standi skil á réttum gjöldum, en tekjur Airbnb-leigusala námu 19,4 milljörðum króna í fyrra og jukust um 109 prósent frá fyrra ári samkvæmt sömu skýrslu um stöðu ferðaþjónustunnar. „Gert er ráð fyrir að um leið og eftirlit með heimagistingu verður sýnilegra og virkara, muni það hafa hvetjandi áhrif á einstaklinga til að skrá skammtímaútleigu sína. Einnig verður auðveldara að halda utan um þá leigu sem með réttu ætti að fara til atvinnurekstrar.“

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kemur til með að útfæra heimagistingarvaktina og hefur metið það sem svo að átta starfsmanna sé þörf til þess að herða eftirlitið. Lagt er upp með að hlutverk starfsmanna verði að framkvæma vettvangsrannsóknir í kjölfar kvartana eða ábendinga frá almennum borgurum og á grundvelli upplýsinga úr frumkvæðiseftirliti samkvæmt upplýsingum frá ferðamálaráðuneytinu. **– ósk**

## Tvö útköll með stuttu millibili

**SLYS** TF-GNÁ og TF-SÝN, þyrlur Landhelgisgæslunnar (LHG), voru kallaðar út með stuttu millibili á þriðja og fjórða tímanum í gær.

Í tilkynningu frá LHG segir að sú fyrri hafi verið kölluð út vegna norsks sjómanns sem hafði veikst um borð. Skip hans var að veiðum suðvestur af landinu.

Síðara útkallið varð vegna meiðsla í knattspyrnuleik hjá 3. flokki karla milli Víkings Ólafsvíkur og Víðis/Reynis. Leikið var á Hellissandi vegna framkvæmda á Ólafsvíkurvelli. Leikmaður varð fyrir því óláni að lenda utan vallar og lenti höfuð hans á grjóti við það.

Þetta var ekki eina óhappið sem varð í leiknum en tveir leikmenn vönkuðust er höfuð þeirra skullu saman í baráttu um boltann. **– jóe**

## Vildu fá endurgreiðslu á veiðigjaldi

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í Héraðsdómi Reykjavíkur í liðinni viku sýknað af kröfu þriggja rækjuútgerða um endurgreiðslu á sérstöku veiðigjaldi vegna fiskveiðiársins 2012-13.

Útgerðirnar töldu að gjaldtakan hefði verið ólögmæt og falið í sér óeðlilega mismunun. Máli sínu til stuðnings bentu þær á að vegna veiðigjaldsins hefði framlegð verið neikvæð á tímabilinu meðal annars vegna gjaldsins. Þá var einnig byggt á því að um ólögmætt framsal skattlagningarvalds hefði verið að ræða.

Dómurinn féllst ekki á sjónarmið útgerðanna. Um einföld og skýr viðmið gjaldtökunnar hefði verið að ræða þó það hafi leitt til þyngri skattbyrði á rækjuútgerð en veiðar annarra tegunda. Öðrum ástæðum var einnig hafnað. Útgerðirnar þurfa að greiða ríkinu óskipt 1,2 milljónir í málskostnað. **– jóe**

# Algjör óvissa uppi um framtíð samninga við sérfræðilækna

**Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna rennur út um áramótin. Framtíð rammasamningsins hefur ekki verið ákveðin. Ljóst er að heilbrigðisráðherra vill breyta kerfinu í stórum dráttum.**



**Rammasamningur hins opinbera mun taka gagngerum breytingum á næstu misserum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HEILBRIGÐISMÁL** Sérfræðilæknar hafa óskað upplýsinga frá Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra um hvað hún hyggist gera í málefnum sérfræðilækna en samningur þeirra við Sjúkratryggingar Íslands rennur út um næstu áramót. Einstaklingar sem fara í aðgerð í sumar gætu þurft á endurkomu að halda eftir áramót. Verði engir samningar á borðinu gæti kostnaður sjúklinga hækkað gríðarlega.

Þrír valkostir eru í boði þann 1. janúar næstkomandi. Sá fyrsti er að gera nýjan samning við sérfræðilækna en ráðherra segir það alveg ljóst að það yrði ekki opinn rammasamningur. „Sá samningur yrði mun skýrari um hvað ríkið kaupir af sérfræðilæknum,“ segir Svandís. Annar möguleikinn er að núgildandi samningur yrði framlengdur meðan unnið væri að breytingum. Þriðji og síðasti möguleikinn er sá að samningurinn rynni út og enginn samningur væri í gildi.

Svandís telur mikilvægt að ákvarðanir um skipulag heilbrigðisþjónustu séu ekki teknar til að takast á við tilfallandi uppákomur. Heildarhugsun þurfi í málaflokknum. „Ég vil sjá heildstætt kerfi. Við erum með brotakennt kerfi sem samkvæmt úttektum, nú síðast frá Ríkisendurskoðun, er ekki að öllu leyti hagkvæmt. Að hluta til eru að fara peningar út úr kerfinu í lækningar sem við þurfum ekki á að halda. Við þurfum að stíga stór skref í átt að heildstæðara kerfi og efla opinbera heilbrigðiskerfið,“ segir Svandís. „Þetta er heilmikið verkefni sem er fyrir höndum. Íslenskt heilbrigðiskerfi þarf á því að halda að ákvarðanir séu teknar með heildarstefnu í huga en ekki sem svar við tilfallandi uppákomum í kerfinu.“



**Steingrímur Ari Arason.**

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, stofnunar sem heyrir beint undir ráðherra heilbrigðismála, hefur verið gagnrýninn á hugmyndir Svandísar og aðstoðarmanns hennar, Birgis Jakobssonar, fyrrverandi landlæknis. Birgir hefur látið hafa eftir sér að sérfræðingar sem vinni að hluta til á Landspítala og að hluta á einkaklínik út í bæ séu ekki af heilum hug sem starfsmenn spítalans og hefur gagnrýnt „hið tvöfalda kerfi“ afar mikið.

„Það er ekki einu sinni verið að stilla þessu upp vegna kostnaðar því á sama tíma er verið að auka kostnaðarþátttöku hins opinbera í sjúkraþjálfun til að mynda,“ segir Steingrímur Ari. „Þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta bara spurning um forgangsröðun.“

Átta sérfræðilæknar hafa kært íslenska ríkið fyrir að heimila þeim ekki að taka þátt í rammasamningnum við ríkið. Gísli Guðni Hall er lögmaður læknanna. Að hans mati snýst mál læknanna um hvort íslenska ríkinu sé ekki skylt að standa við gerða samninga.

„Við erum að gera kröfu um að ákvörðun Sjúkratrygginga, að hleypa þessum læknum ekki inn á rammasamninginn, verði felld úr gildi.

**sveinn@frettabladid.is**


RAM PALLBÍLADAGAR 12. - 13. JÚNÍ

GLÆSILEG RAM PALLBÍLASÝNING.
TIL SÝNIS RAM 3500 PALLBÍLAR
ÓBREYTTIR OG MEÐ 40” BREYTINGU.

SÝNUM EINNIG 7 MANNA
DODGE DURANGO GT LÚXUSJEPPA.

OPIÐ TIL KL 21:00 BÁÐA DAGA.
EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX.



HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF • UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST




TILBOÐIÐ RENNUR ÚT 30. JÚNÍ!

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOÐ Í 29 ÁR

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Kjararáð vill ekki afhenda Fréttablaðinu fundargerðir sínar

**STJÓRNSÝSLA** Kjararáð neitar að afhenda Fréttablaðinu afrit af fundargerðum sínum. Að mati kjararáðs var ráðið ekki stjórnvald í tíð eldri laga sem um það giltu. Því eigi stjórnsýslu- og upplýsingalög ekki við um störf þess. Fréttablaðið hefur kært synjun kjararáðs sem ítrekað slær því á frest að svara úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU).

Fréttablaðið bað þann 28. nóvember á síðasta ári um afrit af fundargerðum ráðsins frá upphafi árs 2008 til dagsins í dag. Tæpum þremur vikum síðar var beiðnin ítrekuð og að auki beðið um afrit af bréfum frá þeim sem undir ráðið heyrðu til þess á sama tímabili. 20. desember barst svar frá skrifstofustjóra ráðsins þess efnis að ekki hefði gefist tími til að taka afstöðu til erindisins vegna fyrirhugaðra og yfirstandandi flutninga. Það myndi hins vegar verða „gert á nýju ári“.

Á nýju ári bað blaðamaður um að það yrði afmarkað nánar hvenær árið 2018 von gæti verið á svari. Ítrekun þess efnis var send 24. janúar. Svar kjararáðs barst 12. febrúar þar sem beiðninni var hafnað þar sem hún var of víðtæk. Í milltíðinni hafði Fréttablaðið leitað milligöngu ÚNU.

**Kjararáð telur sig ekki stjórnvald og því gildi stjórnsýslu- og upplýsingalög ekki um störf þess.**

Sama dag og synjun kjararáðs barst var því sent nýtt erindi þar sem aðeins var óskað eftir afritum af fundargerðum frá ársbyrjun 2013 og til dagsins í dag. Þegar ekkert svar hafði borist eftir tvær vikur var á ný leitað til ÚNU.

Þann 14. mars barst svar kjararáðs þar sem synjað var um afrit af fundargerðunum. Í svari ráðsins kom fram að gögnin sem beðið var um hefðu orðið til í tíð eldri laga um ráðið en ný lög um kjararáð tóku gildi í júlí 2017. Því yrði farið með gagnabeiðnina samkvæmt þeim. Í nýjum lögum um kjararáð er kveðið á um að upplýsinga- og stjórnsýslulög gildi um það en svo er ekki í þeim eldri.

Í svarinu kom fram að ráðið væri sjálfstætt í störfum sínum, skipan þess reifuð og bent á að úrskurðum þess yrði ekki skotið til annarra en stjórnvalda. Að lokum var komist að þeirri niðurstöðu að „kjararáð [heyrði] ekki undir framkvæmdarvaldið samkvæmt þeirri þrígreiningu ríkisvaldsins sem kveðið er á um í 2. gr. stjórnarskrárinnar.“ Því gildi upplýsinga- og stjórnsýslulög ekki um störf þess. Ráðið hefði þó „leitast við í störfum sínum að horfa til ákvæða nefndra laga“.

Fréttablaðið kærði niðurstöðu þessa til ÚNU. ÚNU veitti ráðinu frest til 5. apríl til að skila frekari rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni en fékk síðar frest til 11. maí til að svara. Síðar óskaði ráðið eftir fresti til 28. maí en sá frestur fékkst ekki. Í fyrradag bárust þau skilaboð að ráðið hygðist skila umsögn sinni þann 4. júní. Það gekk ekki eftir og er umsögn boðuð í dag, 11. júní. – **jóe**

## Forsetarnir mættir til Singapúr

**SINGAPÚR** Forsetar Bandaríkjanna og Norður-Kóreu, þeir Donald Trump og Kim Jong-un, komu til Singapúr í gær til fundar. Það verður fyrsti fundur leiðtoga ríkjanna frá upphafi.

Fundurinn fer fram á morgun á eynni Sentosa. Starfsbræðurnir ræddu við forsætisráðherra Singapúr við komuna til landsins og sagði Jong-un meðal annars að öll heimsbyggðin fylgdist með. Trump sagði að þetta gæti verið eina tækifærið til að koma á friði.

Frá því að Donald Trump tók við sem forseti hefur samband mannanna tveggja verið nokkuð undarlegt. Í upphafi skiptust þeir reglulega á móðgunum en skyndilega breyttist tónninn í samskiptum þeirra. Fundurinn á morgun er lokahnykkurinn í þeim viðræðum. – **jóe**

## Atkvæði Íraka í ljósum logum

**ÍRAK** Óttast er um afdrif atkvæðaseðla úr íröksku þingkosningunum eftir að eldur kviknaði í vörugeymslu í höfuðborginni Bagdad sem hýsti seðlana. Til stóð að endurtelja kjörseðlana.

Flokkar sjía-klerksins Moqtada Sadr urðu hlutskarpastir í kosningunum 12. maí. Úrslitin þýða að núverandi ríkisstjórn hrökklast frá völdum. Kröfðust fulltrúar hennar endurtalningar á öllum greiddum atkvæðum. Víða eru uppi ásakanir um kosningasvindl.

Talið er að stór hluti atkvæðaseðla úr Al-Rusafa-hverfi Bagdad hafi orðið að ösku í brunanum en það hefur ekki fengist staðfest. Óvíst er hvort niðurstöður úr kjördæminu hefðu haft áhrif á niðurstöður endurtalningar. Ekki liggur fyrir hvort um íkveikju var að ræða. – **jóe**

# Andar köldu milli Bandaríkjanna og Kanada eftir G7 ráðstefnuna

**Að mati stjórnar Donalds Trump er sérstakur staður í helvíti fyrir kanadíska forsætisráðherrann Justin Trudeau. Framganga hans á blaðamannafundi reitti stjórnvöld í nágrannaríkinu til reiði. Trudeau segir ekkert nýtt hafa komið fram á fundinum. Þýskaland og Frakkland hafa fordæmt viðbrögð Trumps.**



Stjórnarráð Þýskalands birti þessa mynd af fundinum en hún þykir ramma stemninguna ágætlega inn. NORDICPHOTOS/GETTY

**KANADA** Það kastaðist í kekki milli leiðtoga Bandaríkjanna og Kanada að loknum fundi G7 ríkjanna í Kanada um helgina. Einn viðskiptaráðgjafa Bandaríkjaforseta lét hafa eftir sér að það væri „sérstakur staður í helvíti“ fyrir Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada.

Þetta var 44. fundur G7 ríkjanna en hópurinn samanstendur af Kanada, Bandaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Japan og Bretlandi. Rússar voru meðlimir hópsins til ársins 2014 en var úthýst í kjölfar framgöngu þeirra á Krímskaganum. ESB hefur einnig átt seturétt á fundum hópsins.

Fundurinn nú fór fram 8.-9. júní en hann hefur verið kallaður G6+1 vegna afstöðu Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna. Forsetinn var einangraður á fundinum og endaði á því að yfirgefa hann á undan leiðtogum annarra ríkja. Neitaði forsetinn meðal annars að rita undir sameiginlega yfirlýsingu ríkjanna um að þau myndu vinna í sameiningu að því að draga úr viðskiptahindrunum og verndarstefnu eigin framleiðslu í formi tolla.

Sem frægt er hafa Bandaríkin boðað hækkaða tolla á innflutt ál og stál. Ríki heimsins hafa svarað í sömu mynt og er deilan harðvítug. Hækkunin af hálfu Bandaríkjanna tók gildi þann 1. júní síðastliðinn og hafa ríki heimsins boðað gagnaðgerðir sem myndu taka gildi um næstu mánaðamót.

„Ég tjáði forsetanum að við myndum svara hækkuninni með gagnaðgerðum þann 1. júlí. Hann tjáði mér á móti að hann teldi það mistök. Ég er sammála því að það er ekki eitthvað sem við viljum gera. Við viljum ekki skaða bandaríska verkamenn eða viðskiptasambandið milli Kanada og Bandaríkjanna. En ólögmætum hækkunum stjórnar Trumps verður að svara,“ sagði Trudeau á blaðamannafundi.

Venju samkvæmt stökk Trump á Twitter til svara. Sagði hann að Trudeau hefði verið „auðmjúkur og mildur“ á fundi þeirra. Yfirlýsing hans í kjölfar ráðstefnunnar hafi hins vegar verið „óheiðarleg og aum“. Tollahækkanir Bandaríkjanna væru andsvar þeirra við 270 prósenta tolli sem Kanada hefur lagt á innfluttar mjólkurafurðir. Fulltrúar stjórnar Trudeau sögðu á móti að ekkert hefði verið í yfirlýsingu hans sem ekki kom fram á fundi hans með forsetanum.

„[Trudeau] stakk okkur í bakið,“ sagði Larry Kudlow, formaður bandaríska þjóðhagsráðsins, um yfirlýsinguna. Peter Navarro, einn efnahagsráðgjafa Trumps, gekk lengra og fullyrti að það væri „sérstakur staður í helvíti“ fyrir menn sem gengju á bak orða sinna með þessum hætti. Tók hann undir orð forsetans um að Trudeau væri „óheiðarlegur og aumur“.

Bæði Þýskaland og Frakkland hafa lýst yfir undrun sinni á málinu og fordæmt framgöngu Bandaríkjanna.
**joli@frettabladid.is**

LEGGÐU Á BORÐ MEÐ OKKUR



OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Hleyptu lífi í veisluna þína með fallegum veisluvörum frá Rekstrarlandi. Pappírsdúkar, renningar, servíettur í mörgum litum, einnota diskar, glös og hnífapör, kerti og fleira. Útskriftir, brúðkaup, afmæli, ættarmót og endurfundir verða enn glaðlegri með veisluvörunum okkar.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

# ALLAR FERÐATÖSKUR

## 35% VILDARAFSLÁTTUR

## LÝKUR Í DAG!






2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Ritskoðun



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Íslendingar búa að þeirri gæfu að hafa átt og eiga enn stórmerka myndlistarmenn. Verk þeirra eru eftirsótt og gleðja þá sem á þau horfa. Það eru reyndar undantekningar frá þessu og dæmi um að þar sem sumir sjá fegurð sjá aðrir subbuskap. Við sáum dæmi um þetta á dögunum í frétt sem Fréttablaðið sagði en starfsmaður Seðlabankans hafði kvartað sárlega undan málverkum Gunnlaugs Blöndals sem prýða bankann en þar er myndefnið naktar konur. Nektin virtist valda starfsmanninum einhverjum sálarkvölum, allavega sá hann ríka ástæðu til að koma vanþóknun sinni til skila til yfirmanna. Kvörtunin mun hafa verið gerð í nafni METOO-byltingarinnar og stjórnendur bankans tóku hana alvarlega, sem er eiginlega það versta í þessi stórfurðulega máli.

Nú er sjálfsagt verið að rannsaka í Seðlabankanum hvort Gunnlaugur heitinn Blöndal hafi brotið af sér með því að mála nakta konu og hvort brotið sé svo alvarleg að setja eigi nektarmyndir hans í geymslu þannig að þær valdi saklausum sálum ekki meiri sársauka en orðið er.

Víst er það svo að fólk les margt úr listaverkum, en þarna virðist hafa verið einblínt á það að karlmaður málaði naktar konur. Um leið virðist gert ráð fyrir því að slík málverk séu niðurlægjandi fyrir konur. Það er skrýtin forsenda. Nekt í myndlist er ekki hræðileg, það er nákvæmlega ekkert athugavert við hana. Ef fólk getur ekki horft upp á nakta manneskju á málverki án þess að siðferðiskennd þess sé stórlega misboðið þá verður það bara að horfa annað. Umfram allt ekki nota METOO til að koma á ritskoðun í listum.

Hvar á svo að stoppa? Ef það á að ritskoða verk látins meistara er þá næsta skref að þefa uppi aðra listamenn sem hafa sett nekt á léreft? Segjum sem svo að í málverkasafni Seðlabankans væri mynd eftir Helga Þorgils Friðjónsson. Hann hefur eins og kunnugt er lengi málað bera karlmenn. Sum málverka hans eru afar stór og af mörgum allsberum karlmönnum sem sjást þar með allt sitt skraut úthangandi. Satt að segja virðast þetta vera fremur meinlausir berir karlmenn, en ekki gætu allir séð það þannig. Einhver gæti einmitt túlkað þessar myndir sem svo að þarna væri hið hvimleiða feðraveldi að stunda sína uppáhaldsiðju; að flagga typpinu. Niðurstaðn yrði því sú að í myndunum væri verið að misbjóða konum enn eina ferðina og því farsælast að koma þeim fyrir í vandlega læstri geymslu. Þetta væri að vísu algjör mistúlkun á myndum þessa ágæta listamanns og alveg jafn galin túlkun og telja hinar fallegu nektarmyndir Blöndals vera niðurlægjandi fyrir konur.

Það er vont þegar fólk setur sig í hlutverk geltandi varðhunda og reynir að þefa uppi hluti sem það á einhvern óskiljanlegn hátt gefur sér að sé ósómi. Með þeirri aðferð má ganga á röðina og saka hvern listamanninn á fætur öðrum um að hafa brotið af sér – og fela síðan verk þeirra svo enginn komist í uppnám.

> **Það er vont þegar fólk setur sig í hlutverk geltandi varðhunda og reynir að þefa uppi hluti sem það á einhvern óskiljanlegn hátt gefur sér að sé ósómi.**

**Varmadælur & loftkæling**




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

### Halldór




## Frá degi til dags

**Stefnumóta-Twitter**

**Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hóf innreið sína á Twitter um helgina en ekki er langt um liðið frá því að hann sneri aftur úr sjálfskipaðri Facebook-útlegð. Þessu fagna auðvitað allir sem hafa gaman af umræðum enda hefur Brynjar lag á því að hleypa lífi í slíkar. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, flokkssystir Brynjars, aðstoðaði hann við að koma aðganginum á fót. Fyrsta tíst hans snerist reyndar um að þar hefði orðið misskilningur þar sem hann ætlaði sér víst á stefnumótaforritið Tinder en ekki Twitter. Vonbiðlum Brynjars er því bent á Twitter.**

**Upp við vegg**

**Sem dæmi um áhrif Brynjars á umræðuna má nefna status hans um helgina sem hann beindi að „baráttufólki fyrir bættum vinnubrögðum og aukinni virðingu alþingis“. Brynjar taldi flest stök í mengi þess hóps eiga það sameiginlegt að hafa aldrei unnið ærlegt handtak og vera klædd eins og niðursetningar. Klykkir hann út með að segjast hafa farið öfugum megin fram úr þann daginn. Spurning er hvort það sé ekki ráð að Brynjar nýti tækifærið og setji rúm sitt upp við vegg enda landsréttardómarinn hinum megin í því eflaust upptekinn af stefnumótabrölti hans.** joli@frettabladid.is

## Kemst peningurinn til skila?



Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Komið með mér og sjáið,“ sagði kona við okkur þegar við vorum í eftirlitsferð til að fylgja eftir verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu í lok maí sl. Við höfðum um hádegisbil staldrað við á sléttunni í Jijiga-héraði í Austur-Eþíópíu til að fá okkur nesti. Við létum til leiðast og fylgdum konunni sem heitir Amína. Hún sýndi okkur búfé sitt, kindur, geitur og kálf. „Áður en verkefnið kom hafði ég ekki nein dýr og engar tekjur og var algjörlega háð manni mínum. Núna fæ ég sjálf tekjur og ræð yfir þeim peningum sem ég afla.“ Hún hafði tekið þátt í sparnaðar- og lánahópi fyrir konur sem er hluti af verkefninu. „Við höfðum aldrei ræktað lauk áður en verkefnið byrjaði en núna rækta ég lauk og sel heilmikið og fæ tekjur,“ sagði hún og hún sýndi okkur akur sinn. Hún geislaði af stolti og gleði. Já, við segjum hiklaust að peningurinn komist til skila alla leið.

En þetta er bara eitt dæmi hugsar þú kannski, en þá getum við vísað í skýrslu sænska ráðgjafarfyrirtækisins NIRAS indevelop sem utanríkisráðuneytið fékk til að meta verkefni Hjálparstarfsins í Úganda og Eþíópíu. Sérfræðingur NIRAS fór í vikuferð til hvers verkefnalands í október sl. og fulltrúi ráðuneytisins og Hjálparstarfsins voru með í för. NIRAS sendi frá sér skýrslu í byrjun árs. Ekki er pláss hér til að fara í gegnum viðamikla 41 blaðsíðu skýrslu um verkefnið í Eþíópíu en í henni kemur fram að árangur er mjög góður, veruleg breyting hefur orðið á aðstæðum fólks til hins betra. Fæðuöryggi er meira, styttra er í hreint vatn, fæða fólks er fjölbreyttari og næringarríkari og búfé er heilbrigðara. Einnig segir í skýrslunni að staða kvenna hafi breyst, jafnrétti aukist, þær séu sjálfstæðari og ráði yfir tekjum sem þær afla. Fram kemur að Lútherska heimssambandið, sem er framkvæmdaaðili verkefnisins, sé mjög faglegt og meðvitað um góða nýtingu fjármuna. Skýrsluna má sjá á www.help.is/doc/237.

Já, peningurinn kemst til skila.

> **Fæðuöryggi er meira, styttra er í hreint vatn, fæða fólks er fjölbreyttari og næringarríkari og búfé er heilbrigðara.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Staðan næstu vikurnar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Ég verð að játa að nú þegar heimsmeistaramótið í knattspyrnu nálgast er ég meira og meira að fara úr jafnvægi. Ég er fáránlega spenntur yfir þessu. HM í fótbolta hefur alltaf skipað virðingarsess í sálinni, alveg síðan í bernsku. Ég var aðdáandi Brassanna. Ég fór að gráta þegar Zico, Eder, Junior og Sókrates töpuðu fyrir Paolo Rossi og ítalska landsliðinu þegar ég var tíu ára. Ég man ennþá hina sáru tilfinningu. Þetta hafði djúpstæð áhrif á barnssálina. Kannski markaði þetta áfall í raun upphaf fullorðinsáranna.

Ég hef alltaf horft á HM og EM, og sokkið inn í spennuna. Á annan fótbolta horfi ég varla neitt. Ég held ég deili því hugarástandi með fjölmörgum Íslendingum, að finnast hálfóraunverulegt og skrítið að núna skuli Ísland vera með í þessum áhrifamikla stórviðburði. Hvaða þýðingu hefur það? Þetta þarf að ræða.

**Flóðbylgja skellur á**

Heimsmeistaramótið mun skella á þessu samfélagi í lok vikunnar eins og flóðbylgja. Það mun engu máli skipta hverrar skoðunar við erum innbyrðis, hvað við gerum, hver við erum, hvaða stétt við tilheyrum. Við fáum öll sama hlutverkaspjaldið afhent frá umheiminum: Víkingar frá litla Íslandi. Hvort þú heitir Eyþór Arnalds eða Dagur B., Bjarni Ben eða Sanna Magdalena, Kata Jak. eða Björgólfur Thor. Hvort þú ert kvótaeigandi eða verkalýðsforkólfur. Með eða á móti Reykjavíkurflugvelli. Ekkert svoleiðis mun skipta máli. Við verðum bara Íslendingar. Það er flóðbylgjan. Allt annað verður máð burt. Við verðum kraftaverkið á stórmótinu, örþjóðin sem reynir sig við hið ómögulega. Krúttlegt fólk sem öskrar húh. Þetta verða vikur hinnar íslensku staðalmyndar. Þeim hjálmi verður troðið á okkur öll.

Sá sem hefur skipulagt málþing fyrir klukkan fimm næsta laugardag um til dæmis stöðuna í ríkisfjármálum, eða alþjóðleg viðhorf til norrænnar matargerðar, eða togstreitu mínímalisma og rókokkóstíls í íslenskum arkitektúr á árabilinu 1950-70, getur gleymt því að nokkur mæti. Það er hægt að afpanta sal og veitingar núna. Kalt mat: Fótbolti mun yfirtaka allt.

**Ráð til áhugalausra**

Ég er ennþá að bögglast með að ákveða hvort ég eigi að kaupa bol á mig og fjölskylduna. Svoldið dýrt. Við þyrftum þá að bíða með að kaupa nýjan ísskáp. Ég á Íslandstrefil, sem ég fékk, gott ef ekki, á Laugardalsvelli í ágúst 1981, þegar Ísland mætti Nígeríu í eina skiptið hingað til. Ísland vann 3-0. Það var rok. Árni Sveinsson skoraði af kantinum. Hann ætlaði að gefa fyrir en boltinn fauk inn, í stóran sveig yfir kappklæddan markvörðinn. Það væri skemmtilegt ef við skoruðum svona mark á móti Nígeru núna. En hvað um það. Ég hugsa að ég láti þennan trefil nægja, og andlitsmálningu. Ég fagna semsagt HM. Til eru aðrir hins vegar, og ég þekki þá nokkra, sem hafa ekki snefil af áhuga á þessu. Það fólk færi ekki í landsliðstreyju nema gegn mjög háu gjaldi. Hvernig á þetta fólk að haga sér næstu vikurnar? Verður lífið óbærilegt?

Ég veit ekki hversu skynsamlegt það er fyrir þetta fólk að reyna að vera fúlt á móti. Ég held að það berjist enginn við þessa flóðbylgju. Það verður talað um „strákana okkar“ sem mun sjálfsagt fara í taugarnar á einhverjum. Réttara er auðvitað að segja „strákarnir“, en ég held að enginn muni mæta á málþing um það. Mín fyrsta ráðlegging til þessa fólks, sem ég hef fulla samúð með, er að reyna að hafa gaman af þessu. Ég sá kanadískan dansflokk leika rollur á Listahátíð nú um helgina. Það var virkilega fyndið og skemmtilegt og mjög spennandi. Maður velti fyrir sér hvað rollurnar myndu gera næst. Maður sökk inn í atriðið. Fótbolti er ekki ósvipaður. Það má opna hugann fyrir honum einsog öðru.

> **Það verða fáir í sundi um miðjan dag á laugardaginn næsta, til dæmis. Maður getur æft flugsund eins og brjálæðingur. Jafnvel á sprellanum.**

**Ýmislegt hægt að gera**

Ef þessi nálgun virkar ekki, þá geta auðvitað líka falist mikil tækifæri í því að þjóðfélagið verði almennt upptekið við að horfa á sjónvarpið og að restin sé í Rússlandi. Það verða fáir í sundi um miðjan dag á laugardaginn næsta, til dæmis. Maður getur æft flugsund eins og brjálæðingur. Jafnvel á sprellanum. Ef maður er haldinn þörf til að ganga um í Kringlunni í Spidermanbúningi, verður gott tækifæri þá. Næstu vikur verða líka góðar til að gera ýmislegt, sem fólk vill kannski koma í framkvæmd svo lítið ber á. Koma út úr skápnum, fá sér húðflúr, hætta á Facebook, skipta um hárgreiðslu. Í pólitíkinni geta líka ótal tækifæri skapast: Ganga úr Nató, taka upp nýjan gjaldmiðil, samþykkja áfengi í matvöruverslanir, eyða gögnum.

Ísland verður líklega aldrei eins aftur.

# Hvers virði er ímynd Íslands fyrir sjávarútveg og landbúnað?



Guðný Káradóttir
forstöðumaður sviðs matvæla, sjávarútvegs og landbúnaðar hjá Íslandsstofu

Ísland nýtur mikillar velvildar um þessar mundir. Landið þykir áhugavert og eftirsótt á svo margan hátt; fólk hefur áhuga á að heimsækja Ísland og segja frá upplifun sinni. Þetta skapar sóknarfæri fyrir íslenskar afurðir úr sjó og af landi til frekari verðmætasköpunar.

**Nýir drifkraftar í kauphegðun**

Það er fróðlegt að rýna í breytingar á gildismati og viðhorfi neytenda til að átta sig á breytingum á kauphegðun og eftirspurn. Þróunin hefur verið í þá átt að fólk sækist síður eftir að eignast hluti og deilir frekar eða samnýtir. Á sama tíma sækjast neytendur í vaxandi mæli eftir upplifun.

Samkvæmt nýlegri greiningu Deloitte endurspeglast þessi viðhorf hjá stórum hluta neytenda við val á matvælum. Meðvitaðir neytendur hugsa um hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á umhverfi og samfélag. Þeir vilja vita hvar vörur sem þeir kaupa eru framleiddar eða jafnvel hannaðar, og það skiptir þá jafnvel meira máli en atriði eins og verð, tegund eða gerð vörunnar. Eftirspurn eftir lífrænum matvælum fer vaxandi, ár frá ári. Hollusta og hreinleiki skipta máli. Aldamótakynslóðin er tilbúin að greiða meira fyrir ferskan og heilsusamlegan mat og leggur töluvert á sig til að finna slíkar afurðir.

Tækniþróun er sterkur drifkraftur og leikur stórt hlutverk í kaupákvörðun neytenda sem og möguleikum framleiðenda til að ná til neytenda. Notkun farsíma og samfélagsmiðla vex hratt og innkaup í gegnum internetið verða auðveldari. Áskorunin fyrir framleiðendur felst í að nýta sér þetta í markaðssetningu á erlendum mörkuðum og til að ná til erlendra ferðamanna á Íslandi.

Fólk deilir upplifun sinni og miðlar upplýsingum um vörur og þjónustu til vina sinna með einum smelli. Það treystir í minna mæli á skilaboð seljenda og gerir kröfur til þeirra sem selja vörur og þjónustu um að nýta sér þessar boðleiðir.

**Getur áhugi á Íslandi aukið eftirspurn?**

Ímynd Íslands fellur vel að kröfum neytenda um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu. Hér eru sóknarfæri fyrir íslenska matvælaframleiðslu og þá sem selja hreinar afurðir úr hafi eða af landi.

Uppruni vöru getur orðið eins konar táknmynd sem neytendur sækjast eftir og vilja tengja sig við. Ekki bara vegna hins eiginlega upprуna, heldur getur uppruni vísað til lífsgilda, svo sem hugmyndafræði við framleiðslu og meðferð hráefna, eða afstöðu til mannréttinda og sjálfbærni.

Við erum skammt á veg komin við að nýta okkur almennan áhuga á Íslandi og kröfu neytenda um að þekkja uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa í markaðssetningu erlendis. Við þurfum að fjárfesta meira í markaðsstarfi, segja áhugaverðar sögur og fara nýstárlegar leiðir til að byggja upp vörumerki. Markmiðið ætti að vera að skapa hughrif hjá neytendum svo þeir sækist eftir íslenskum afurðum og verði tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir þær. Umhverfið og almenn þróun er okkur Íslendingum því hagstæð.

Uppruni er mikilvægur aðgreiningarþáttur í samkeppni, sem tengist ekki bara staðreyndum heldur líka tilfinningatengslum við uppruna vörunnar.



ÖRUGG ENDURNÝJANLEG ORKA FYRIR ÞIG

KYNNING Á DRÖGUM AÐ KERFISÁÆTLUN 2018-2027 OG UMHVERFISSKÝRSLU

Fyrir liggur tillaga að kerfisáætlun 2018-2027 um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Landsnet kynnir nú tillögu að kerfisáætlun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 105/2006. Kerfisáætlun fjallar m.a. um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður valkostagreininga, áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og lýsingar á framkvæmdaverkum á tímabilinu 2019-2021.

Umhverfisskýrslan gerir grein fyrir forsendum, nálgun og niðurstöðu matsvinnu, ásamt þeim mótvægisaðgerðum sem lagðar eru til. Tillaga að kerfisáætlun og umhverfisskýrsla eru aðgengilegar á vefsíðu Landsnets, **www.landsnet.is** og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b.

Ábendingar og athugasemdir við kerfisáætlun og um umhverfisskýrsluna skal senda til Landsnets á netfangið landsnet@landsnet.is eða á heimilisfangið Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, merkt *Athugasemdir við kerfisáætlun 2018-2027*.
**Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við tillögurnar er til og með 15. júlí 2018.**

Það er von Landsnets að flestir kynni sér efni kerfisáætlunar og umhverfisskýrslu.

***Landsnet stendur fyrir opnum kynningarfundum á:***

**Egilsstöðum 12. júní** á Icelandair Hótel Héraði, kl. 15:00-17:00
**Akureyri 13. júní** á Hótel KEA, kl. 15:00-17:00
**Ísafirði 19. júní** á Hótel Ísafirði, kl. 14:00-16:00
**Hellu 26. júní** á Stracta Hotel, kl. 15:00-17:00

Verið velkomin

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88562 07/18




**Draumkenndir dagar framundan**
Stóra stundin nálgast. Draumalið Íslendinga er lent í Rússlandi, þar sem bíður þeirra vandasamasta verkefni íslenskrar knattspyrnusögu. Við óskum strákunum okkar góðs gengis og þökkum þeim kærlega fyrir að gera draum okkar allra að veruleika.

**Áfram Ísland!**




#DRAUMURINN

ICELANDAIR



Tæplega tvö þúsund manns fylgdust með fyrstu æfingu íslenska karlalandsliðsins í Rússlandi í gær. Heimir Hallgrímsson er hæstánægður með alla aðstöðu ytra og bjartsýnn á að Aron verði með gegn Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Reiknum með Aroni gegn Argentínu

**Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska landsliðsins, reiknar með því að Aron Einar Gunnarsson verði klár á laugardaginn gegn Argentínu. Hann líkti fyrstu æfingunni í Rússlandi við það þegar kýrnar komast út á vorin í sólina og græna grasið.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætti á fyrstu æfingu sína í Karbardinka í gær en tæplega tvö þúsund manns voru á opinni æfingu liðsins að sögn Guðna Bergssonar, formanns KSÍ. Aðstæður voru hinar bestu en það voru nokkrir leikmenn auk fyrirliðans, Arons Einars Gunnarssonar sem tóku létta æfingu í gær. Ragnar Sigurðsson, Alfreð Finnbogason og Birkir Bjarnason tóku létta æfingu í sólinni enda langt ferðalag að baki daginn áður. Aron Einar tók aðeins létta upphitun með liðsfélögum sínum en fylgdist vandlega með æfingaleik sem fór fram á æfingasvæðinu. Heimir Hallgrímsson, þjálfari landsliðsins, sagði að fjarvera leikmannanna ætti sér eðlilega skýringu þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

„Það var stífleiki og þreyta ennþá eftir leikinn gegn Gana, það fengu nokkrir leikmenn krampa þann daginn og við vildum ekki taka neina óþarfa áhættu,“ sagði Heimir og bætti við:

„Fyrsta æfingin er alltaf svolítið hættuleg, leikmenn eru eins og beljur á vorin. Það er gott gras, góðar aðstæður og menn verða full ákafir en það var mjög klókt af þeim að taka bara létta æfingu og vera með sjúkraþjálfaranum í dag. Ég á svo von á því að þeir taki fullan þátt á morgun.“

Hann er enn vongóður um að fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson taki þátt í leiknum gegn Argentínu í Moskvu eftir sex daga.

„Ég er mjög vongóður, miðað við hvernig staðan er í dag eru allar líkur á því að hann spili. Hins vegar þurfum við að fara varlega með æfingarnar hans, ef við förum of geyst af stað getur komið eitthvert bakslag í þetta. Eins og staðan er í dag reiknum við með að hann spili gegn Argentínu.“

Heimir hrósaði Rússum fyrir uppbygginguna á æfingasvæðinu en hann segir miklar framfarir hafa orðið á einu ári.

„Það verður að hrósa þeim fyrir það, fyrir ári var þetta svæði einfaldlega í rúst en það er allt í toppstandi í dag, völlurinn og allt saman. Fyrstu viðbrögð okkar eru góð og það situr oft í manni og það er gott að það var jákvæð upplifun,“ sagði Heimir sem tók góða veðrinu fagnandi.

„Ég hef komið hingað áður og kann vel við allt saman hérna en ég verð að segja að þetta lítur betur út að sumri til. Maður kann betur við allt saman þegar sólin kemur fram og hitastigið hækkar,“ sagði Heimir glaðbeittur að lokum. **kristinnpall@frettabladid.is**






Ásdís Kristjánsdóttir | Ásta S. Fjeldsted | Bjarni Benediktsson | Finnur Árnason | Halldór Benjamín Þorbergsson | Heiðrún Lind Marteinsdóttir | Lilja Alfreðsdóttir

HÁDEGISVERÐARFUNDUR UM SAMKEPPNISSTÖÐU ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA.

Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 12.00-13.30

Rætt verður um hágengi krónunnar, áskoranir á vinnumarkaði, samkeppnismál og regluverk, þróun skattbyrði fyrirtækja, menntastefnu fyrir atvinnulífið og leiðir til að gera betur.

Til máls taka Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri VÍ, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Finnur Árnason, forstjóri Haga, Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Boðið verður upp á létta hádegishressingu, súpu og nýbakað brauð.

Vinsamlega skráið þátttöku á www.sa.is

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SA

# Fólk

Matur

MÁNUDAGUR 11. JÚNÍ 2018



„Í uppvaskinu fylgdist ég alltaf með kokkunum og fannst starf þeirra mjög heillandi,“ segir Laufey Bjarnadóttir. MYND/STEFÁN

# Góður leiðtogi í eldhúsinu

**Þótt vinnudagurinn sé jafnan langur er alltaf gaman í vinnunni hjá Laufeyju Bjarnadóttur sem útskrifaðist nýlega sem matreiðslumaður frá MK. Hana dreymir um að skoða heiminn og kynnast matarhefðum annarra landa.** →2

Það var aldrei inni í myndinni hjá Laufeyju Bjarnadóttur að gerast matreiðslumaður þegar hún var yngri. Hún útskrifaðist þó sem slíkur í lok síðasta mánaðar og tók nýlega við stöðu vaktstjóra á veitingastaðnum Kopar þar sem hún var á samningi sem nemandi. Hún hlakkar mikið til að takast á við verkefnin fram undan og ekki síður að kenna nýjum nemendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í greininni.

Áhugi Laufeyjar á matreiðslu kviknaði þegar hún starfaði sem uppvaskari á Kopar veturinn 2013-2014. „Í uppvaskinu fylgdist ég alltaf með kokkunum og fannst starf þeirra mjög heillandi auk þess sem ég hjálpaði þeim stundum að skera grænmeti og vakúmpakka. Kokkarnir hvöttu mig oft til að koma á samning en ég þorði það ekki þótt mig langaði virkilega til þess. Ég hélt nefnilega að ég kynni ekkert að elda.“

Seinna meir hætti Laufey í uppvaskinu og hóf störf sem þjónustustúlka á pitsustað. „Þá komst ég að því að ég átti sannarlega frekar heima inni í eldhúsinu. Nokkru síðar hitti ég starfsfólk Kopars á starfsmannaskemmtun þar sem ég hitti m.a. Ylfu Helgadóttur, yfirmatreiðslumeistara og eiganda Kopars. Það kvöld sagði ég henni frá ósk

ENZYMEDICA

Pizza í matinn?



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



minni um að komast á samning og tveimur dögum síðar hringdi síminn þar sem ég var beðin um að taka prufuvakt. Í kjölfarið fór ég síðan á samning hjá staðnum.“

## Færir ýmsar fórnir

Laufeyún segir námið hafa verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt en um leið oft erfitt. „Það þarf nefnilega að sinna miklu fleiri verkefnum á veitingastað en að elda mat og þar finnst mér hreinlæti við matreiðslu skipta mjög miklu máli. Sjálf get ég ekki eldað í skítugu umhverfi enda fer fátt meira í taugarnar á mér.“

Hún segir mikinn aga þurfa til að geta unnið á kokkavöktum þar sem vinnudagurinn sé oft 12-15 klukkustundir á dag. „Svona starf er ekki fyrir alla og sumir gefast því hreinlega upp. Ég hins vegar elska þessar vaktir því mér finnst geggjað að vera í fríi í miðri viku og fá stundum þriggja daga helgarfrí. Venjulegur vinnudagur er 14 klukkustundir á virkum dögum en um helgar fer hann oft í 15 klukkustundir en mér finnst það ekkert mál.“

Fyrir víkið þarf hún að vera tilbúin til að fórna ýmsu í lífinu. „Ég hef misst af mörgum afmælum og boðum því ég var á vaktinni. Það tók tíma fyrir fólkið í kringum mig að skilja að það er ekki alltaf auðvelt að skipta á vöktum en það er að síast inn.“

## Gaman í vinnunni

Kopar er ekki bara vinnustaður í huga Laufeyjar heldur hefur hún eignast marga nýja vini þar. „Það var og er alltaf gaman í vinnunni með öllu skemmtilega fólkinu mínu. Ég hef unnið víða en aldrei fundið fyrir eins góðum starfsanda eins og í þessum bransa. Margir sem hafa hætt störfum hér eru enn vinir mínir þannig að Kopar er og mun alltaf vera stór partur af lífinu mínu.“

Veitingastöðum hefur fjölgað hratt undanfarin ár hér á landi og finnst Laufeyju framtíðin vera nokkuð björt fyrir hana og annað ungt fólk í greininni. „Það hafa aldrei starfað jafn margir í greininni og núna auk þess sem útskriftarhópurinn frá MK var sá stærsti í sögu námsins, eða um 35 nemendur.“

## Langar að skoða heiminn

Sem fyrr segir tók Laufey nýlega við stöðu vaktstjóra á Kopar en þeirri stöðu hafði Alfreð Pétur Sigurðsson gegnt frá stofnun. „Alfreð var vaktstjóri minn í langan tíma og kenndi mér margt af því sem ég kann í dag. Ég er ótrúlega spennt fyrir nýja starfinu en ég er annar neminn af Kopar sem er ráðinn í starfið.“

Hún á sér þann draum að ferðast um heiminn sem kokkur og kynnast fleiri matreiðsluhefðum en íslenskum og læra um leið að vinna með erlend hráefni sem eru ekki þekkt hér á landi. „Mig langar mikið til Danmerkur og þá helst til Kaupmannahafnar. Þar eru margir mjög flottir veitingastaðir sem ég hef augastað á. Það eru líka fleiri lönd í myndinni en ég ætla að byrja á því að koma mér til Danmerkur og sjá svo til hvað gerist í framhaldinu.“

*Uppáhaldsáhaldið í eldhúsinu?*

Beittur og góður hnífur.

*Hvert er uppáhaldskryddið og hráefnið?*

Ég elska kúmin vandræðalega mikið og er óhrædd við að prufa að setja það í rétti. Annars eru uppáhaldshráefnin mín rjómi og smjör því það er aldrei nóg af því.

*Er einhver réttur eða hráefni sem þú ætlar að prófa í ár?*

Markmiðið er að baka meira og prufa mig áfram í eftirréttum. Ég fékk KitchenAid hrærivél í útskriftargjöf sem verður mikið notuð í tilraunastarfsemi.

*Hvaða matreiðslumaður, innlendur og erlendur, er í mestu uppáhaldi?*

Ég gæti talið þá endalaust upp. Ylfa Helgadóttir, meistari minn, er náttúrlega fyrirmyndin mín sem kokkur og lít ég mikið upp til hennar. Einnig lít ég mikið upp til Georgs Arnars Halldórssonar, matreiðslumanns á Óx. Hann er bara svo flottur og klár kokkur. Uppáhalds erlendi kokkurinn minn er Grant Achatz, eigandi Alinea í Chicago, sem er drauma Michelin staðurinn minn.

*Hvaða snilligáfu hefur þú í eldhúsinu sem fáir vita um?*

Það er eflaust eitthvað sem ég veit ekki sjálf. Ég er hins vegar góður leiðtogi og finnst góð liðsheild skipta máli og passa alltaf að hún sé til staðar.

*Áttu þér uppáhaldsmatreiðsluþátt?*

Það eru Chef's Table og Hell's Kitchen með Gordon Ramsay.

*Hvað eldar þú helst þegar þú ert heima?*

Súpur, því ég veit ekkert betra en góða og bragðmikla súpu.

*Hvers konar mat finnst þér spennandi að prófa þegar þú borðar úti?*

Ég borða mikið á veitingastöðum og panta mér yfirleitt nokkra smárétti til að deila með öðrum. Svo finnst mér mjög spennandi að velja smakkseðilinn svo hægt sé að prófa sem mest úr eldhúsinu, ég mæli svo sannarlega með því.

*Grillar þú mikið og þá hvað helst?*

Ég var einmitt að eignast grill og Le Creuset grillpönnu þannig að ég mun grilla mikið í sumar. Grillaðar lambakótelettur eru í miklu uppáhaldi ásamt grilluðum fiski.

Laufey gefur hér lesendum uppskrift að vegansúpu sem allir ættu að ráða við. „Sjálf elska ég súpur og um leið að gefa fólki sem er vegan að borða því það er svo þakklátt fyrir góðan mat. Ég á eina vinkonu sem heitir Eva Dröfn og er veganisti sem er klikkuð í þessa súpu.“



„Svona starf er ekki fyrir alla og sumir hreinlega gefast því upp. Ég hins vegar elska þessar vaktir því mér finnst geggjað að vera í fríi í miðri viku og fá stundum þriggja daga helgarfrí,“ segir Laufey. MYND/STEFÁN



Laufey með föður sínum, Bjarna Ólafssyni, við útskriftina í maí.



Ljúffeng, litfögur og spicy vegan súpa.

## Spicy vegan súpa

Fyrir 4

**2 sætar kartöflur**
**3 hvítlauksgeirar**
**1 lítill engifer**
**1 rauður chili**
**5 gulrætur**
**½ lítri appelsínusafi, t.d. Trópí**
**1 lítri vatn**
**1 krukka kókosmjólk**
**1 msk. karrí**
**1 tsk. túrmerik**
**1 tsk. kúmin**
**1 tsk. timían**
**1 tsk. paprikukrydd**
**½ tsk. cayenne-pipar (má sleppa)**
**Salt og pipar eftir smekk**

## Ofan á súpuna:

**Smátt skorinn vorlaukur**
**Saxaður ferskur kóriander**
**Muldar salthnetur**
**Límónubátar**

Skerið sætar kartöflur, gulrætur, engifer, hvítlauk og chili í bita. Sjóðið vel í potti með vatni, appelsínudjús og kókosmjólk. Á meðan þetta sýður er kóriander saxaður og vorlaukur skorinn smátt. Skerið límónu í báta og myljið salthneturnar. Allt sett í sér skálar. Maukið grænmetið í pottinum með matvinnsluvél eða töfrasprota. Kryddað með karríi, kúmini, timíani, paprikukryddi, cayennepipar og salti og pipar. Súpan er borin fram og hver og einn fær sér kóriander, vorlauk, salthnetur og límónu ofan á eftir smekk.

Þann 14. júní n.k. mun stórglæsilegt sérblað um HM í knattspyrnu fylgja Fréttablaðinu.

ÁFRAM ÍSLAND

Blaðið kemur út sama dag og flautað er til leiks á mótinu.
Fyrsti leikur Íslands er tveim dögum síðar, gegn ljón sterku liði Argentínu.

Í blaðinu er að finna eitthvað fyrir alla. Gallharðir fótboltaáhugamenn fá sinn skammt af áhugaverðum viðtölum og fróðleik. Auk þess er slegið á léttari strengi fyrir þá sem hafa almennt minni áhuga á boltanum en eru að sjálfsögðu gallharðir stuðningsmenn íslenska liðsins. Í blaðinu verður einnig að finna stórt leikjadagatal sem auðvelt er að kippa út úr blaðinu og færa inn úrslit leikja jafnóðum á meðan á mótinu stendur.




Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar í síma 512 5402 eða með því að senda póst á netfangið serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




www.evy.is | Fjöldi landsliða notar EVY sólarvörn.

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar.

BÄST-i-TEST.se

# Skínandi hreint sumar

Bjartasti tími ársins stendur nú yfir með tilheyrandi grillveislum, grasgrænku og einstaka sulli. En þegar sólin skín, skín líka í bletti og minnstu óhreinindi. Hér gefast góð vopn í blettastríðinu.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Best er að reyna strax að ná blettum úr fatnaði og áklæði. Ellegar þorna þeir inn í efnið og erfiðara verður og stundum ógjörningur að ná þeim úr.

Áður en hafist er handa er skynsamlegt að lesa vel þvottaleiðbeiningar. Sumir litir og efni þola ekki þvott og þá er ráðið að fara með flíkina í efnalaug sem oft getur náð erfiðustu blettum úr.

Meðal efna sem duga gegn algengustu blettum eru brennsluspritt, aseton, hreinsað bensín, uppþvottalögur, grænsápa, hvít handsápa, sjampó, klór, glýserín, þvottaefni og teppa- og húsgagnasápa.

Náttúrvæn blettaefni, sem til eru á flestum heimilum, eru sítróna, sem er náttúrulegt bleikiefni, borðedik, matarsódi, gróft salt, talkúm, mjólk og súrmjólk. Tannkrem og aska eru ágætis hreinsiefni á rispur í gleri, málmi, viði og steini.

## Soðið kalt vatn betra

Best er að þurrka sem mest upp af vökva með eldhúspappír eða klút. Suma bletti þarf svo að skafa ofan af áður en hafist er handa við eiginlega blettahreinsun.

Ef uppþvottalögur er notaður á bletti í fatnaði er þessi aðferð áhrifarík: Berið uppþvottalög á blettinn og bleytið aðeins í blettinum ef hann er orðinn þurr. Setjið flíkina í plastpoka, lokið vel fyrir og látið bíða í nokkra klukkutíma. Bleytið þá upp í blettinum með volgu vatni og þvoið því næst flíkina á venjubundinn hátt.

Sé vatn notað til að ná úr blettum er best að sjóða kalt vatn úr krana í stað þess að nota hitaveituvatn sem getur skilið eftir rönd í kringum staðinn þar sem bletturinn var.

## Algeng blettavandamál

- **Bananar og ávextir:** Nuddið hvíta flík með sítrónusafa, látið bíða smástund og þvoið svo á venjulegan máta. Uppþvottalögur gefur góða raun á ávaxtabletti.
- **Blek og túss:** Brennsluspritt nær flestum tegundum bleks af fatnaði og húsgögnum.
- **Blóð:** Best er að leggja flík með blóðblettum í bleyti í kalt vatn með salti (1dl gróft salt/3 l vatn) í 15 mínútur. Berið síðan lífræna sápu á blettina, látið liggja góða stund, skolið og þvoið. Blóðblettum í dýnum er best að ná með því að reisa dýnuna upp á rönd, bleyta í blettinum með köldu vatni, gera þykkan graut úr matarsóda og vatni og bera á blettinn. Látið þorna og burstið eða ryksugið af.
- **Fita:** Majónes, matarolía, smjör, lýsi og önnur matarfita leysist best upp með sápu eða uppþvottalegi en lýsisbletti getur þurft að bleikja í lokin með sítrónusafa.
- **Grasgræna:** Uppþvottalögur eða grænsápa eru góð á grasgrænu. Berið á og látið liggja góðan tíma. Skolið og þvoið vel á eftir. Sítrónusafi eða bleikiefni getur dugað vel á grasgrænu í hvítu efni.
- **Kaffi og kakó:** Skolið vel úr volgu vatni. Berið uppþvottalög eða grænsápu á blettinn og látið liggja góða stund. Skolið og þvoið á eftir.
- **Karrí:** Inniheldur litsterkt túrmerik sem getur verið erfitt að ná úr. Best er að nudda glýserínupplausn á blettinn og láta bíða í hálfa klukkustund. Skolið vel og þvoið.
- **Kertavax:** Auðveldast er að frysta eða kæla vaxblettinn og skafa sem mest af. Gott er að leggja eldhúspappír yfir litlaust vax og strauja með volgu straujárni. Brennslusspritt nær oftast lituðu kertavaxi. Kertavaxleifar leysast upp við 60°C hita.
- **Kísill:** Nota má edik, sítrónu eða matarsóda í kringum blöndunartæki.
- **Rauðvín:** Stráið matarsóda yfir blettinn og látið þorna. Skolið og þvoið á venjulegan hátt. Hella má hvítvíni strax yfir rauðvínsblett eða nota sódavatn og þurrka upp með svampi.
- **Tómatsósa:** Látið kalt vatn renna á blettinn, notið mildan uppþvottalög og þvoið síðan.
- **Tyggjó:** Best er að kæla og frysta tyggjóklessuna. Skafið síðan af með hníf og notið hreinsað bensín til að ná restinni af blettinum í burtu.
- **Varalitur:** Best er að nota brennsluspritt eða hreinsað bensín. Berið svo sápu á blettinn og látið liggja um stund. Skolið vel úr.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna. Sjá leidbeiningastod.is.



Litsterkt sinnep getur verið erfitt viðeignar þegar það sullast á föt en til eru góð ráð við flestum blettum.



Sumarið er tími grasgrænku í fötum. Gott er að nota uppþvottalög á erfiðustu blettina og sítrónusafa á fatnað úr hvítu efni. NORDICPHOTOS/GETTY



# Bókhaldsrekstur & ráðgjöf

MÁNUDAGUR 11. JÚNÍ 2018

**Kynningar:** DK Hugbúnaður, Advania, Basic markaðsstofa, Múlalundur, KPMG




dk hugbúnaður er eina fyrirtækið í hópi stórra fyrirtækja sem fær fjóra í einkunn í þeim níu lykilþáttum sem VR lítur til við val á Fyrirtæki ársins. Dagbjartur segir þessa viðurkenningu afar ánægjulega og það sé mikil viðurkenning fyrir dk hugbúnað og starfsfólk fyrirtækisins að bera þessa nafnbót. dk hugbúnaður er til húsa í Deloitte turninum, Smáratorgi 3 í Kópavogi. MYNDIR/ERNIR

## Léttlausnir á afmælisárinu

Í ár eru 20 ár síðan fyrirtækið dk hugbúnaður var stofnað. Í tilefni afmælisársins kynnir fyrirtækið spennandi nýjungar sem kallast Léttlausnir. dk hugbúnaður var valið eitt af fyrirtækjum ársins 2018 af VR sem er mikil viðurkenning, að sögn Dagbjarts Pálssonar framkvæmdastjóra. →2



Dagbjartur Pálsson og Magnús Pálsson, framkvæmdastjórar dk hugbúnaðar, segja að í tilefni 20 ára afmælis fyrirtækisins verði margar spennandi nýjungar kynntar á þessu ári. MYND/ERNIR

dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróuðum á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Fyrirtækið var stofnað þann 1. desember 1998 og fagnar því tuttugu ára afmæli á þessu ári," segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróðir sínum, Magnúsi Pálssyni.

## Fyrirtæki ársins 2018

Nýlega var dk hugbúnaður valið eitt af Fyrirtækjum ársins 2018 í flokki stórra fyrirtækja af VR. Litið var til níu lykilþátta við valið, m.a. stjórnunar, starfsanda, launakjara, vinnuaðstöðu og jafnréttis. „dk hugbúnaður er eina fyrirtækið í hópi stórra fyrirtækja sem fær fjóra í einkunn í öllum þessum níu lykilþáttum," segir Dagbjartur, sem er að vonum ánægður með þennan glæsilega árangur.

„Það er ákaflega ánægjulegt og mikil viðurkenning fyrir dk hugbúnað og starfsfólk þess að bera þessa nafnbót. Að fá svona jákvæða endurgjöf frá starfsfólki gegnum vinnumarkaðskönnun VR gerir niðurstöðuna mjög marktæka og gefur okkur gott tækifæri til að vinna áfram með niðurstöðurnar," segir Dagbjartur og bætir við að þessi viðurkenning hafi mikið gildi fyrir fyrirtækið út á við.

„Við gleðjumst líka yfir því að nú á 20 ára afmælisárinu er dk hugbúnaður meðal bestu fyrirtækja á Íslandi að vinna fyrir. Á síðasta ári fluttum við úr Orkuveituhúsinu hingað á Smáratorgið og það er engin spurning að starfsfólkið hefur tekið því mjög vel."

## Nýjungar á afmælisári

Í tilefni af tuttugu ára afmælinu kynnir dk hugbúnaður nokkrar nýjar og spennandi lausnir, svokallaðar Léttlausnir. „Um er að ræða Snjalllausnir og Veflausnir sem segja má að séu framlenging á bókhaldskerfi fyrirtækja," segir Dagbjartur en dk hugbúnaður býður upp á margs konar smáforrit, eða öpp, og veflausnir sem tengjast við dk bókhaldskerfið. Smáforritin eru fáanleg í App Store frá Apple og Google Play.

dk hugbúnaður

## Léttlausn fyrir verkbókhald og tímaskráningu – dk Verk

„Á meðal nýjunga er Verkbókhalds-Léttlausnin sem er hagkvæmur og þægilegur kostur fyrir íslensk þjónustufyrirtæki þar sem starfsmenn þurfa að skrá sína tíma. Með lausninni er hægt að skrá tímana beint úr símanum, tölvunni eða spjaldtölvunni. Tímarnir færast síðan beint inn í verkbókhaldshluta dk bókhaldskerfisins og með því eykst nákvæmni tímaskráninga starfsmanna til muna," segir Dagbjartur.

## Léttlausn fyrir sölureikninga, sölupantanir og sölutilboð – dk Sala

„Léttlausn fyrir sölureikninga, sölupantanir og sölutilboð er einföld og örugg leið til að gera sölureikninga, sölupantanir og sölutilboð í síma eða spjaldtölvu. Þetta er þægileg leið fyrir þá sem eru mikið á ferðinni eða þurfa einfalt viðmót við reikningagerð. Lausnin er beintengd dk bókhaldskerfinu," segir Dagbjartur en þessi leið hentar t.d. litlili smásölu, heildsölu og verktökum.

## Léttlausn fyrir verslun, veitingahús og þjónustu – dk iPOS Snjalltækjalausn

Dagbjartur segir að dk iPOS snjalltækjalausnin henti mjög vel fyrir verslun, veitingahús og þjónustu. „Einfaldleikinn er í fyrirrúmi og kerfið hentar margvíslegri starfsemi, svo sem veitingastöðum, fataverslunum og ýmiss konar þjónustu. Hægt er að fá kerfið annars vegar sem pantanakerfi fyrir veitingastaði eða sem fullgilt afgreiðslukerfi tengt strikamerkjalesara, prentara og posa," segir hann.

## Léttlausn fyrir stjórnborð, skýrslur og greiningar – dk Stjórnborð

dk Stjórnborð er fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga úr dk bókhaldskerfinu til stjórnenda fyrirtækja. „Notandinn getur auðveldlega breytt framsetningu gagna, vistað og veitt öðrum aðgang að kerfinu," segir Dagbjartur.

## Léttlausn fyrir meðhöndlun kostnaðarreikninga, skjöl og skönnun – dk Samþykktir

Veflausn fyrir meðhöndlun kostnaðarreikninga frá dk býður upp á einfalda leið til að yfirfara og samþykkja kostnaðarreikninga. „Í veflausninni er hægt á einfaldan máta að skanna inn eða taka mynd af reikningi frá lánardrottni, t.d. með farsíma, og senda á fyrirfram skilgreint netfang. Þannig stofnast nýr lánardrottnareikningur með skannaða skjalinu sem viðhengi," segir Dagbjartur.

Nánari upplýsingar: dk hugbúnaður, Smáratorgi 3, 210 Kópavogi. s. 510 5800. www.dk.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Sigurgeir Hreggviðsson sigurgeir@frettabladid.is, s. 512 5658 | Veffang: frettabladid.is



Auðunn Stefánsson, forstöðumaður sölu á viðskiptalausnum hjá Advania, segir að fyrirtækið sjái um rekstur á kerfunum og viðhald á búnaðinum. MYND/STEFÁN

# Breitt úrval bókhaldskerfa á einum stað hjá Advania

**Advania býður upp á bókhaldslausnir frá Microsoft fyrir allar gerðir fyrirtækja. Með því að vera í áskrift að bókhaldskerfi hjá Advania geta fyrirtæki einbeitt sér að kjarnastarfseminni. Hjá Advania er boðið upp á námskeið fyrir allar þær lausnir sem fyrirtækið býður upp á.**

Þúsundir íslenskra fyrirtækja nota sem stendur bókhaldslausnir frá Advania og fer eftirspurnin ört vaxandi. Viðskiptavinir Advania eru af öllum stærðum og gerðum, þar á meðal fjöldi endurskoðunarstofa. Hægt er að fá áskrift af öllum bókhaldskerfum og í ákveðnum tilfellum, þar sem umfang og flækjustig er lítið, fá fyrirtæki grunnuppsetningu frítt. Viðmiðið er að viðskiptavinurinn geti hafið notkun bókhaldskerfis 48 klukkutímum eftir að pöntun er gerð.

Advania rekur bókhaldskerfin og undirliggjandi vélbúnað auk þess að annast afritatöku. Með áskriftunum fylgja hugbúnaðarleyfi og uppfærsluréttindi ásamt tilheyrandi hýsingu á kerfunum. Auðunn Stefánsson, forstöðumaður sölu á viðskiptalausnum hjá Advania, segir að þrátt fyrir að hægt sé að kaupa kerfin og setja upp hafi þróunin verið sú að flest fyrirtæki velji áskriftarleiðina.

„Þannig losna fyrirtækin við að reka sinn eigin vélbúnað, við hjá Advania sjáum um reksturinn á kerfunum og að viðhalda búnaðinum undir kerfunum. Með því móti geta fyrirtækin einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi.“

## Kerfi fyrir öll fyrirtæki

Advania býður upp á mikla breidd í bókhaldskerfum og innihalda þau öll möguleika eins og að senda greiðslur í banka, stofna kröfur á viðskiptamenn og stemma af bankareikninga. Kerfin tengjast líka Þjóðskrá Íslands og bjóða upp á möguleika á að senda og taka á móti rafrænum reikningum, og standa rafræn skil á virðisaukaskattsgreiðslum. „Við bjóðum upp á þrjú bókhaldskerfi frá Microsoft; TOK, NAV og AX sem henta fyrir allar gerðir fyrirtækja, allt frá smáum fyrirtækjum upp í stærstu fyrirtæki landsins,“ segir Auðunn og bætir við að kerfin byggist öll á Microsoft Dynamics umhverfinu sem hægt er að laga sérstaklega að þörfum viðskiptavina.

Eitt útbreiddasta bókhaldskerfið hér á landi er NAV en þar er um að ræða alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi sem hentar bæði millistórum og stórum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, t.d. í heildsölu, verslun og þjónustu, iðnaði, smásölu og dreifingu. Auk þess hefur Advania þróað fjölmargar viðbætur við NAV sem hjálpa fyrirtækjum að ná enn betri árangri.

Microsoft TOK er byggt á NAV bókhaldskerfinu en er í raun einfaldari útgáfa og sniðin að smærri fyrirtækjum og einyrkjum. „TOK er fyrir smærri rekstur en NAV er frekar sniðið að stærri fyrirtækjum. Þá erum við að tala um margþættari rekstur, til dæmis ef fyrirtæki eru með flókið verkbókhald, mikla umsýslu í birgðakerfi, ef þau eru í innflutningi eða eru í innflutningi og þurfa að tollafgreiða vörur. Fyrir smærri fyrirtæki í örum vexti er auðvelt að skipta úr TOK yfir í NAV því viðmótið er það sama.“

Þá býður Advania einnig upp á AX en það er kerfi fyrir stærri og flóknari rekstur. „Fyrirtæki í fjölþættum rekstri eða með alþjóðlega starfsemi geta reitt sig á Dynamics AX. Lausnin hentar stórum og umsvifamiklum fyrirtækjum sem til dæmis starfa á sviði framleiðslu, sölu eða þjónustu og eru með starfsstöðvar í mörgum löndum,“ segir Auðunn og bætir við að fjölmörg sérkerfi séu í boði fyrir Dynamics AX sem gera fyrirtækjum kleift að laga kerfið að sínum rekstri.

Að auki eru í boði ýmsar lausnir sem eru samþætt bókhaldskerfunum, svo sem greiningartól á borð við Power BI frá Microsoft, lausnir frá Microsoft til að halda utan umsamskipti við viðskiptavini og skráningu sölutækifæra, afgreiðslukerfi frá LS Retail fyrir fyrirtæki í verslunar- eða veitingarekstri, vefverslanir svo nokkrar lausnir séu nefndar.

## Kennslustofa eða vefnámskeið

Hjá Advania er boðið upp á námskeið fyrir allar þær lausnir sem fyrirtækið selur. „Við erum með kennslustofu hérna hjá okkur og sömuleiðis gefum við út myndbönd og kynningar. Hægt er að velja á milli þess að koma til okkar í kennslu eða skrá sig á vefnámskeið en þá eru teknir fyrir afmarkaðir verkþættir og er hvert myndband um stundarfjórðungur að lengd,“ segir Auðunn.

Hjá Advania starfa rúmlega sex hundruð manns á Íslandi og þar af eru meira en hundrað starfsmenn sem starfa við bókhaldslausnir fyrirtækisins. Ítarlegar upplýsingar um bókhaldskerfin og aðra þjónustu Advania er að finna á vefsvæði fyrirtækisins, advania.is. Hægt er að hringja í 440-9000 og biðja um söluráðgjafa sem hafa sérhæft sig í því að greina hvaða lausnir henta mismunandi fyrirtækjum.

# Skýrar og skilvirkar lausnir

**Basic Markaðsstofa sérhæfir sig í traustum vef- og markaðslausnum. Aðalsmerki fyrirtækisins eru framúrskarandi þjónusta, sanngjarnt verð, áreiðanleiki og ánægja viðskiptavina.**

Markmið Basic Markaðsstofu er að veita framúrskarandi þjónustu fyrir sanngjarnt verð í vefsíðugerð og hönnun. Við aðstoðum einnig félög með stafræna markaðssetningu, þar með talda samfélagsmiðla,“ upplýsir Kjartan Geirsson, framkvæmdastjóri Basic Markaðsstofu.

Hann segir rekstur og velgengni Basic fyrst og fremst snúast um mannauð fyrirtækisins.

„Eftir að hafa unnið í fjölda frumkvöðlaverkefna á undanförnum árum hef ég kynnst einstaklega kláru og flottu fagfólki sem er frábært að vinna með. Upp frá því varð Basic Markaðsstofa til,“ útskýrir Kjartan um tilurð fyrirtækis síns sem hann stofnaði síðastliðið haust.

„Teymið okkar er með fjölbreyttan bakgrunn og það er gríðarlegur styrkur fyrir alla hugmyndavinnu. Eins og nafnið Basic gefur til kynna reynum við ávallt að einfalda hlutina fyrir notandann, þó að verkefnin geti verið flókin, því ef fólk pælir í því eru skýrar og skilvirkar lausnir mun líklegri til árangurs en þær sem innihalda meira flækjustig. Það á svo sannarlega við í okkar fagi,“ bætir Kjartan við.



Kjartan Geirsson, framkvæmdastjóri Basic Markaðsstofu, ásamt Manuel Rodriguez hönnuði. MYND/STEFÁN

**» Við leggjum áherslu á að viðskiptavinir fái raunhæfa kostnaðar- og tímaáætlun áður en hafist er handa.**

### Fiat eða Porsche?

Að sögn Kjartans þurfa nánast öll fyrirtæki í dag að vera aðgengileg á vefnum, bæði með góðri vefsíðu og að mörgu öðru leyti.

„Val á samstarfsaðila getur verið mjög snúið, einkum fyrir minni aðila. Það getur verið erfitt fyrir rekstraraðila eða frumkvöðla að átta sig á því hvert þau eiga að leita eftir aðstoð og hvað þau megi búast við að fá fyrir peninginn. Einmitt þess vegna lítum við á þarfagreiningu sem mikilvægan lið í okkar starfi. Viðskiptavinurinn á rétt á því að vita hvort hann er að kaupa Fiat eða Porsche. Við leggjum því mikla áherslu á að okkar viðskiptavinir fái raunhæfa kostnaðar- og tímaáætlun í hendurnar áður en hafist er handa. Þess vegna er skilningur á rekstri og markmiðum viðkomandi aðila svo mikilvægur.“

Kjartan er alsæll yfir þeim góða árangri sem Basic hefur náð á þeim stutta tíma síðan fyrirtækið var stofnað.

„Hópur viðskiptavina okkar er fjölbreyttur og verkefnin eru krefjandi og skemmtileg. Við erum nýbúin að klára flottan ferðavef fyrir Visitor's Guide útgáfuna og er sá vefur að blómstra. Við horfum nú björtum augum til framtíðar og hlökkum mikið til að takast á við fleiri krefjandi verkefni með áreiðanleika, hreinskilni og ánægju viðskiptavina okkar að leiðarljósi.“

Basic Markaðsstofa er í Sundaborg 9. Sími 537 6700. Sjá nánar á basic.is

# Að ýmsu þarf að huga

**Þegar fyrirtæki er stofnað þarf að huga að mörgum þáttum. Góður undirbúningur skiptir miklu máli auk þess sem kynna þarf sér lög og reglur sem snúa að rekstrinum.**



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Að ýmsu þarf að huga þegar fyrirtæki er stofnað og því er mikilvægt að gefa sér góðan tíma í undirbúning. Í upphafi er t.d. mikilvægt er að kanna þörf fyrir þá þjónustu eða vöru sem stefnt er á að bjóða og um leið að bera hana saman við það sem fyrir er á markaðnum segir Sigurður Steingrímsson, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Hann segir lykilinn að árangri vera að þjónustan eða varan sé einver nýjung eða hafi sérstöðu, hafi eitthvað umfram það sem í boði er eða verður í boði í framtíðinni. „Í þessu sambandi er mikilvægt að horfa frá sjónarhóli væntanlegra kaupenda en ekki bara frá sjónarhóli frumkvöðulsins. Jafnvel þótt frumkvöðullinn telji að ávinningur væntanlegs viðskiptavinar sé umtalsverður getur verið að viðskiptavinurinn líti öðruvísi á málið. Stofnun fyrirtækis og rekstur þess kallar að jafnaði á mikla vinnu og þrautseigju. Til að ná árangri þarf frumkvöðullinn að gefa sig allan í verkefnið og ekki er sjálfgefið að hann „alheimti daglaun að kveldi“. Flestir frumkvöðlar eru þó sammála um að þótt frumkvöðlastarfið sé erfitt og krefjandi, þá sé að verulega skemmtilegt og gefandi.“



Sigurður Steingrímsson er verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

### Undirbúningur mikilvægur

Fæstir komast hjá því að gera einhver mistök við stofnun fyrirtækis en hver skyldu vera þau algengustu? Sigurður nefnir fyrst lítinn eða ónógan undirbúning. „Það er mjög mikilvægt að rannsaka vel þörfina fyrir þá þjónustu eða vöru sem stefnt er á að bjóða. Skoða þarf vel hvað þarf til svo unnt sé að bjóða hana. Einnig þarf að kanna markaðsumhverfið vel og þá aðila sem fyrir eru á markaði. Góð rannsóknavinna í upphafi hefur mikið að segja, ekki bara fyrir undirbúninginn, heldur nýtist hún líka þegar rekstur er kominn af stað. Viðskiptaumhverfið breytist og sá sem hefur kynnt sér það vel er mun betur í stakk búinn að takast á við breytingarnar.“

Frumkvöðullinn má þó ekki vera fastur í núverandi umhverfi eða stöðu heldur þarf að horfa fram á veginn og vega og meta hvernig viðskiptaumhverfið komi til með að líta út í framtíðinni segir Sigurður. „Margir gera einnig þau mistök að kynna sér ekki þau lög og þær reglur sem snúa að rekstrinum. Fyrir utan leyfi og þess háttar má nefna lög og reglur um bókhald, greiðslu launa og innheimtu virðisaukaskatts. Það er ekki sjálfgefið að frumkvöðlar þekki til þessa efnis, en þá er líka mikilvægt að leita leiðsagnar hjá viðkomandi stofnunum eða þeim sem betur þekkja til.“

### Netið breytir miklu

Ein leið til að fækka mistökum er að vera með reynslumikinn mentor sér við hlið sem þekkir jafnvel viðkomandi atvinnugrein. „Góður mentor getur haft mikið að segja fyrir frumkvöðul. Mjög mikilvægt er að hver sá sem ætlar að leiðbeina við stofnun og rekstur fyrirtækis sé vel með á nótunum varðandi viðskiptaumhverfi, aðferðir og leiðir í dag. Umhverfið tekur stöðugum breytingum og þekking og reynsla sem hafði mikið að segja fyrir fáum árum er e.t.v. orðin úrelt í dag.“

Vefurinn og samfélagsmiðlar eru dæmi um örar breytingar í viðskiptaumhverfinu sem skipta mjög miklu máli í rekstri flestra fyrirtækja í dag. „Hinn stafræni heimur vex á ógnarhraða og frumkvöðlar og fyrirtæki þurfa að fylgjast vel með þróuninni á hverjum tíma. Flestir nýta stafrænar leiðir með einum eða öðrum hætti til að kynna sér vörur og þjónustu og í framhaldi að ganga frá kaupum. Frumkvöðull sem er að undirbúa rekstur þarf að horfa fram á veginn og vega og meta hvernig stafræna umhverfið verður eftir nokkur ár þegar þjónustan eða varan er komin á markað. Flestir eru sammála um að stafrænar upplýsingar, kynningar og viðskipti vaxi ört á næstu árum.“

### Yfirleitt einfaldar reglur

Lög og reglur sem lúta að stofnun fyrirtækja á Íslandi í dag eru í flestum tilvikum til þess að gera einfaldar að sögn Sigurðar. Yfirleitt taki mjög skamman tíma að stofna fyrirtæki. „Sem dæmi má nefna að það tekur að jafnaði innan við viku að stofna einkahlutafélag (ehf.) sem er algengt rekstrarform. Umsóknarform og form fyrir stofnsamning, samþykktir og stofnfundargerð eru á vefnum og því flestum aðgengileg.“

Það sama á við um skráningu rekstrar á eigin kennitölu sem tekur yfirleitt enn skemmri tíma. „Leyfismál eru mjög breytileg eftir því um hvers konar rekstur er að ræða. Fá leyfi þarf til reksturs ef starfsemin hefur lítil áhrif á umhverfi eða heilsu fólks. Mikilvægt er að kynna sér vel þau leyfi sem þarf til rekstrar áður en farið er af stað. Leyfisveitendur gefa yfirleitt greinargóðar upplýsingar um þær kröfur sem þarf að uppfylla. Oft á tíðum verður kostnaður frumkvöðla mestur ef þeir hafa ekki aflað sér upplýsinga fyrir fram og þurfa síðan að breyta aðstöðu eða byggingum, sem nýbúið er að byggja eða lagfæra, til þess að uppfylla viðkomandi kröfur.“



# Fasteignablaðið

24. TBL. MÁNUDAGUR 11. JÚNÍ 2018

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



**Sigurður Samúelsson**
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312

**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309

**Þórey Ólafsdóttir**
Lögg. fast. og eigandi
thorey@landmark.is
sími 663 2300

**Andri Sigurðsson**
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111

**Sveinn Eyland**
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820

**Kristján Ólafsson**
Löggiltur fast.
kol@landmark.is
sími 512 4900

**Nadia Katrín Banine**
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002

**Ingibjörg A. Jónsdóttir**
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717

**Eggert Maríuson**
Löggiltur fast.
eggert@landmark.is
sími 690 1472

**Jóhanna Gustavsdóttir**
Löggiltur fast.
johanna@landmark.is
sími 698 9470

**Helga Snorradóttir**
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900

**Guðrún D. Lúðvíksdóttir**
Skrifstofa/ í námi til lögg.
gudrun@landmark.is
sími 512 4900

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



*Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð*

**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

**Pétur Steinar Jóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
899 9083

**Snorri Snorrason**
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115

Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is


# Fallegt raðhús í Garðabæ

Heimili fasteignasala sími 530 6500 kynnir til sölu vandað raðhús. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á góðum útsýnisstað.

Íbúðarrými á neðri hæð 70,2 fm. Bílskúr 20,0 fm og íbúðarrými í risi 66,4 fm. Byggingarár 1993.

Á neðri hæð hússins er forstofa, eldhús, þvottahús, gestasalerni og bjartar stofur.

Á efri hæð hússins er hol, fjögur svefnherbergi, vandað baðherbergi og geymsla ásamt geymsluslofti. Árið 2017 var húsið endurbætt og yfirfarið. Gólfefni pússuð og lökkuð, veggir sparslaðir og málaðir, vatns- og raflagnir yfirfarnar og lýsing endurhönnuð. Baðherbergin, þvottahús og forstofa með flísar á gólfi. Önnur rými parketlögð. Loft á efri hæð klædd með hvíttuðum panel og innbyggðri lýsingu. Svalir og skjólgóður garður með afgirtum sólpalli í suður.

Bílskúr með tengi fyrir rafbíl. Hellulagt stórt bílaplan með hitalögn. Hellulögð stétt í bakgarði. Húsið er skráð alls 156 fm. Gott hús á góðum stað.



Fallegt raðhús við Draumahæð í Garðabæ.

## Um skoðunarskyldu:

Í lögum um fasteignakaup nr. 40/2002 er kveðið á um ríka skoðunarskyldu kaupenda á fasteignum. Heimili fasteignasala bendir væntanlegum kaupendum á að kynna sér vel ástand fasteigna við skoðun og fyrir tilboðsgerð og ef þurfa þykir að leita til sérfræðinga um nánari ástandsskoðun.

Nánari upplýsingar gefur Bogi Molby Pétursson, fasteignasali hjá Heimili, fasteignasölu, eða Bogi@heimili.is.


heimili
fasteignasala
– á traustum grunni

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali

Jón Bergsson
hdl. og
lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir
skrifstofustjóri

Ragnar Þorgeirsson
viðskiptafræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook




**Draumahæð 5 - Vandað raðhús.**
Vandað og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Bjartar stofur, fjögur svefnherbergi , afgirtur sólpallur, heitur pottur, stórt hellulagt bílaplan með hitalögn, tengi fyrir rafbíl.
**Opið hús í dag kl 18:30 -19:00. Nánari uppl. veitir Bogi 6993444.**
- **Verð 84.900.000.-**



**Lágholtsvegur - 3-4ra herb**
100 fm íbúð á tveimur hæðum, jarðhæð og kjallari. Sérinngangur, sólpallur. 2-3 svefnherbergi og sér bílastæði. Laus í ágúst.
- **Verð 49.500.000.-**
Upplýsingar veitir Bogi 6993444




**Reykjahlíð 12 - Sérhæð**
Rúmgóð björt og vel skipulögð 133 fm hæð með sérinngangi og útgangi á hellulagða verönd. Íbúðin er mikið endurbætt. Þrjú góð svefnherbergi og stór stofa. Góður bakgarður
**Verð frá 59,9 millj.**
**Opið hús í dag kl 17:30 -18:00**




**Skólabraut 3 - 65 ára og eldri**
2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Skólabraut 3-5 á Seltjarnarnesi. Íbúðin er skráð alls 56,5 fm . Íbúðin er í góðu ástandi. Hún er með parketdúk á gólfum og baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með tengi fyrir þvottavél. Eldhús opið yfir í stofu. Útgangur úr stofu á sólpall í sameiginlegum garði. **Opið hús í dag 16:30 -17:00. Uppl veitir Bogi 6993444**
**Verð 34.000.000.-**




**Skúlagata 20 - 2ja herb. 60+.**
Björt og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í húsi ætlað fyrir 60 ára og eldri. Rúmgott herbergi, stofa og eldhús í opnu rými og geymsla innan íbúðar. Gengið út á skjólgóða suðurverönd og garð. Húsvörður í húsinu. Öll þjónusta eldri borgara á Vitatorgi. **Laus strax. V. 36,9 millj.**
**Opið hús í dag kl 17:15 -17:45 Uppl veitir Jón 7771215**




**Drekavellir 26 - Falleg 3ja herb.**
Tvö góð svefnherbergi, samliggjandi eldhús og stofa með útgengi á rúmgóðar svalir til suðvesturs, flísalagt baðherbergi, þvottahús í sér rými og stæði í lokaðri bílageymslu. Falleg íbúð í góðu lyftuhúsi. **V. 38,9 millj.**
**Opið hús á morgun (þriðjudag) kl. 17:15 - 17:45. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, s: 896-2953.**




**Lautasmári 6 - falleg 3ja.**
Tvö rúmgóð svefnh., snyrtilegt baðh. með nýlegri innréttingu, sér sturtuklefa og baðkari, björt stofa með útgengi á góðar suðursvalir, eldhús með fallegri innréttingu, sér þvottahús innan íbúðar og sérgeymsla í kjallara. **V. 41,9 millj.**
**Opið hús í dag, mánudag, kl. 17:15 - 17:45. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, s: 896-2953.**




**Bæjarlind 9. Vönduð 4ja herb.**
Glæsileg ný íbúð í sérlega fallegu lyftuhúsi við Bæjarlind í Kópavogi ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er 155,5 fm, parket á gólfum, flísar í votrýmum, steinn á borðplötum í eldhúsi og á baðherbergi. Stórar svalir og glæsilegt útsýni. Laus við kaupsamning. **V. 79,7 millj.**
**Opið hús þriðjudag, kl. 17:15 – 17:45. Gunnlaugur s: 617-5161**

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

**FJÁRFESTING**
**FASTEIGNASALA EHF**
**Sími 562 4250**

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is


**Hilmar Óskarsson**
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750


**Óskar Þór Hilmarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750


**Guðjón Sigurjónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 846-1511


**Pálmi Almarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344


**Smári Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362


**Auður Kristinsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772


**Hildur Edda Gunnarsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 661-0804


**Edda Svavarsdóttir**
Í námi til lögg. fasteignas.
Gsm: 845-0425


**Steinar S. Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 898-5254
















**Sölusýning í dag mánudag frá kl. 17:15 til 18:00** Vel skipulagðar og vandaðar íbúðir á vinsælum útsýnisstað við Lynggötu 2, Urriðaholti í Garðabæ. Aðeins fjórar íbúðir eftir. Stutt í afhendingu.

**Verð frá 52,5 millj.**

3ja og 4ra herb. íbúðir, 100,7 fm. til 139 fm. Álklætt fjölbýlishús með lyftu. Fullbúnar íbúðir með gólfefnum. Vandaðar innréttingar. Bjartar og rúmgóðar íbúðir. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**

Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 7-13 í Fossvogsdal í 55 íbúða fjölbýlishúsi. Húsin eru 5 og 6 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 107 til 196,8 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum með glerlokunum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




Nýjar og stórglæsilegar íbúðir við Naustavör í nýju bryggjuhverfi við Kársnes í Kópavogi. 3ja til 6 herb. Stærðir frá 122 fm. til 210 fm. Álklætt hús með lyftu. Hiti í gólfum. Vandaðar íslenskar innréttingar. Glæsilegt sjávarútsýni. Glæsileg hönnun. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Fallegar íbúðir byggðar af vönduðum og traustum byggingaraðila BYGG.

**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**
**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**







**HLÍÐARÁS 35**
- 221 Hfj.
- 244 fm.
- Einbýli.
- Vel skipulagt.
- 4-5 svefnherbergi.
- Frábært útsýni.
- Góður garður.
- Innbyggður bílskúr.
- **Verð 87,9 millj.**




**LUNDUR 25 – PENTHOUSE**
- 203 Kóp.
- Nýtt hús
- Glæsileg 179 fm. íbúð
- Stórar þaksvalir
- Tvö stæði í bílageymslu.
- Tvö baðherbergi.
- fallegt útsýni
- Glæsilega innréttuð íbúð

**Opið hús þriðjud. frá kl. 17:15 til 17:45 kl.**




**LAXATUNGA 92**
- 270 Mos..
- 182,1 fm., raðhús
- Gólfhiti.
- Innbyggður bílskúr.
- Yfirbyggðar svalir.
- Verönd
- 3 svefnherbergi
- **Verð 74,5 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**




**GRANASKJÓL 13**
- 107 Rvk.
- Sérhæð
- 176,2 fm.
- Vel viðhaldið.
- Verönd.
- Bílskúr.
- **Verð 79,9 millj.**

**Opið hús þriðjudag frá kl. 17:15 til 17:45**



**URÐARSTÍGUR 9**
- 101 Rvk.
- 4ra herb.
- 115,1 fm.
- Bílskúr.
- Möguleiki á 2 íbúðum.
- **Verð 52 millj.**



**DIGRANESHEIÐI 2**
- 200 Kóp.
- Sérhæð.
- 398,4 fm.
- Gott útsýni.
- Tvöfaldur bílskúr.
- Stórar stofur.
- Góður garður.
- **Verð 115 millj.**



**TRÖLLAKÓR 2-4**
- 203 Kóp.
- 4ra herb.
- 160,7 fm.
- Endaíbúð.
- Efsta hæð.
- Stæði í bílageymslu.
- **Verð 59,9 millj.**




**SKÚLAGATA 20, 0901**
- 101 Rvk.
- 63,4 fm.
- 2 herbergja.
- fallegt útsýni, suðursvalir.
- Gott skipulag.
- Húsvörður, góð sameign
- Tilbúin til afhendingar
- **Verð 36,9 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 16:30 til 17:00**

**ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**


Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali











Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

## Fullbúið einbýlishús óskast í Akrahverfi í Garðabæ.

### *Holtagerði 20 – Kópavogi. Efri sérhæð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45
Björt og vel skipulögð 146,4 fm. efri sérhæð að meðt. bílskúr og geymslu í góðu steinsteyptu húsi við Holtagerði. Aukin lofthæð er yfir hluta stofu sem er með stórum gluggum til suðurs og vesturs. Fjögur góð herbergi. Eldhús með gluggum til norðurs og vesturs. Nýlega er búið að mála glugga á suður- og vesturhlið hússins. Skipt var um þak fyrir um 6-7 árum síðan. Nýleg gólfefni á hluta íbúðar. Auk þess er nýlega búið að skipta um bílskúrshurð.

**Staðsetning eignarinnar er virkilega góð í grónu hverfi á Kársnesi. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og sundlaug.**

**Verð 59,9 millj.**

### *Sunnuflöt 9 - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45
Mjög vel staðsett og mikið endurnýjað 243,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 58,3 fm. bílskúr. Auðvelt er að gera 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Eignin var öll endurnýjuð árið 2004 á vandaðan og smekklegan máta. Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur með arni og útsýni til suðurs. Glæsilegt eldhús með hvítum innréttingum og útgengi á verönd. Þrjú herbergi. Lóðin er 964 fm. að stærð, falleg og skjólsæl. Hellulögð innkeyrsla. Viðarverönd til vesturs og suðurs með skjólveggjum, útiarni og heitum potti.

**Verð 125,0 millj.**

### *Ystasel. Vel staðsett einbýlishús á grónum stað.*



Björt 5 herb.rishæð í þríbýli með sérinngangi og suðursvölum. Útsýni og vel hirtur garður. Fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol, eldhús-borðstofa-stofa í einu rými. Búið er að endurnýja eldhús og baðherb. að hluta. Endurnýjuð rafmagnstafla í sameign. Geymslurými undir súð. Sameiginlegt þvottahús í sameign.
**Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

## Grandavegur 1 — 107 Reykjavík — 54.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 11 júní kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 115,1 m² Bílskúr

Björt og falleg íbúð ásamt bílskúr á þessum eftirsóttastað í Vesturbænum. Um er að ræða 3ja herb íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli ásamt bílskúr. Samtals er eignin skráð115,1fm og þar af er bílskúrinn 25,2fm. Stofa björt með útgengt á góðar svalir, rúmgóð herbergi og gólfefni er parket og flísar.
**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Meistaravellir 35 — 107 Reykjav´ík — 34.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 11 júní kl 18.15-18.45**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 59,8 m²

Tveggja herbergja íbúð í fallegu og frábærlega vel staðsettu fjölbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í Vesturbænum. EIGNIN GETUR VERIÐ LAUS VIÐ KAUPSAMNING** Um er að ræða íbúð á fyrstu hæð. Húsið var málað og múrviðgert að utan árið 2017 og aðkoman er góð. Frábær staðsetning þar sem stutt er í þjónustu og íþróttasvæði K.R. **Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Furugrund 81 — 200 Kópavogur — 42.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12 júní kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 86,2 m²

Falleg, björt og frábærlega staðsett íbúð í góðu fjölbýli , óbyggt svæði er við húsið. Um er að ræða 4ra herbergja íbúð á 1.hæð. Íbúðin hefur fengið gott viðhald m.a er parket, eldhústæki, innihurðar og sólbekkir síðan 2015, baðherbergi var endurnýjað ca 2013 og eldhús fyrir ca 10 árum. Staðsetningin er frábær þar sem m.a 2 leikskólar eru í göngufæri.
**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Lautasmári 49 — 201 Kópavogi — 51.800.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12 júní kl 18.30-19.00**

**Herbergi:** 5 **Stærð:** 107,9 m²

Mjög rúmgóð, björt og vel skipulögð 5 herb íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli í Smárahverfi Kópavogs. Um er að ræða eign sem er skráð 107,9fm, svefnherbergin eru 4 og öll með fataskápum. Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók við glugga. Staðsetningin er frábær þar sem göngufæri er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði og alla þjónustu í Smáralindinni.
**Upplýsingar veitir Hafdís fasteignasali í gsm: 820 2222**

## Miðhús 24 — 112 Reykjavík — 79.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12. júní kl.17:30-18:00**

**Stærð:** 187,5 m²

Mjög fallegt og vel við haldið einbýlishús með innbyggðum bílskúr, gróinn og fallegur garður og stórar útsýnissvalir á efri hæð. Eldhús með vandaðri innréttingu frá Axis, stórar og bjartar stofur með útgengi í garðinn, 3 svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og gestasnyrting. Góð staðsetning og stutt í skóla, íþróttasvæði, skíðalyftu og sundlaug. **Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## SALA HEFST Á ÖÐRUM ÁFANGA

EFSTALEITI 27, LÁGALEITI 1-3

**HRINGDU Í 520-9595 EÐA BEINT Í SÖLUMENN!**







**Verð frá 28.900.000,-**

**Íbúðir frá 35fm studíóíbúðum upp í 5herb. 160,4fm.**

**Stúdíóíbúð verð frá 28.9m.**
**2. herb. verð frá 33.9m.**
**3. herb. verð frá 58.9m.**
**4. herb. verð frá 64.9m.**
**5. herb. verð frá 79.8m.**

**HRINGIÐ OG KYNNIÐ YKKUR NÁNAR**
**Í SÍMA 520 9595**

**Afhending vor/sumar 2019**

# EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR



OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. JÚNÍ KL. 17-18

# Frakkastígur 8C og D

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**

Vorum að fá í sölu 39 íbúðir við Frakkastíg 8C og D. Um er að ræða 35 2ja herbergja íbúðir og fjórar 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði.

**Stærð frá 56,5 fm – 150 fm.**

**Verð frá 41,9 millj.**

**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700



## NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ HLÍÐARENDA



OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. JÚNÍ KL. 17-18

# Hlíðarendi

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

Áætluð afhending í júní 2018

**Stærð frá 57 fm – 112 fm.**

**Verð frá 39,8 millj.**

**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



---

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



| Bergsveinn | Sigurður J. | Helgi Már | Magnús | Ólafur |
|---|---|---|---|---|
| S: 863 5868 | S: 534 1026 | S: 897 7086 | S: 861 0511 | S: 824 6703 |




## TIL LEIGU

**Grandagarður 13 – 101 Rvk**

**Gerð:** Verslunar- og skrifstofuhúsnæði

**Stærð:** 196,8 m$^2$

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Bergsveinn Ólafsson**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari og rekstrarfræðingur
**863 5868 | 534 1028**
**bergsveinn@jofur.is**

Til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði að Grandagarði 13, 101 Reykjavík, alls um 196,8 fm.
Laust í júní 2018. Í boði er langtíma leigusamningur. Húsnæðið býður upp á ýmsa möguleika fyrir verslunar eða veitingastarfsemi. Mikil uppbygging er fyrirhuguð á þessu svæði á næstu árum.
Á jarðhæð er verslunarrými með góðum verslunargluggum út að götu. Bakatil er aðkoma og bílastæði.
Gengið er upp á 2. hæð um sameiginlegan stigagang þar sem eru sameiginlegar snyrtingar.
Á hæðinni er eldhús, tvær skrifstofur og opið vinnurými.
Neðri hæð er 80,3 fm., efri hæð 93,0 fm. og hlutdeild í sameign 23,5 fm.

**Sérhæfum okkur í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði**

Pantaðu verðmat eða skoðun – 534 1020 // sala@jofur.is

---

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - Sími: 552-1600

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

---

# búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

### Búseturéttur á markaðsverði

**Stekkjargata 27, sem er parhús í Reykjanesbæ**



Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr. Íbúðin er 104,6 fm að stærð og bílskúr 30,1 fm sem gera samtals 134,7 fm.

**Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.000.000. Mánaðargjöldin eru um kr. 191.000-**

**Ferjuvað 11, íb. 102, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**



Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð á 1.hæð. Íbúðin er 73,9 fm að stærð.

**Ásett verð búseturéttarins er kr. 7.400.000. Mánaðargjöldin eru um kr. 145.000-**

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.

**Tilboðsfrestur er til 21. júní n.k. kl.13**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-16. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is.**

# EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 | GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090

## 49 NÝJAR ÍBÚÐIR Í EFSTALEITI



## NÝTT Í SÖLU

# Efstaleiti

**FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR ÍBÚÐIR MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.

- **Stærð íbúða frá 35,3 fm uppí 160 fm**
- **Fjölbreytt úrval íbúða**
- **Flestar íbúðir með stæði í bílageymslu**
- **Vandaðar og nútímalegar íbúðir**

**KYNNING Á VERKEFNINU ER Á SKRIFSTOFU EIGNAMIÐLUNAR**
**‣ Í DAG, 11. JÚNÍ, MILLI KL. 14.00-17.00**






**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700






Eignasala.is
LS S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali

## Súlutjörn 11, 260 Reykjanesbæ

**Mjög góð, afar vel staðsett 4 herbergja neðri hæð í nýlegu keðjuhúsi.**

OPIÐ HÚS



**Opið hús í dag mánudag kl.17:15-17:45**
**Verð kr. 36.900.000.-**

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Framnesvegur 7



Um er að ræða hús á þremur hæðum sem hefur verið nýtt og leigt út í tólf aðskildum herbergjum. Heildarstærð matshlutans er um rúmlega 200 fm. Húsið hefur verið mikið endurnýjað bæði að innan og utanverðu. Eignin er í útleigu.
**V. 92,9 m. Nánari uppl.: Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is
FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# STAKFELL KYNNIR TIL LEIGU



HVERFISGATA 4, 101 REYKJAVÍK

209,8 fm. glæsilegt húsnæði laust strax. Er í dag óinnréttað og möguleiki að innrétta fyrir leigutaka. Húsnæðið er staðsett við Stjórnarráðið.
Einstakur möguleiki að leigja húsnæði við miðbæinn.



*Nánari upplýsingar um eignina veitir Þorlákur Ómar Einarsson, löggiltur fasteignasali GSM 820 2399 og thorlakur@stakfell.is*



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**ERLUÁS 74- GLÆSILEGT EINBÝLI MEÐ ÚTSÝNI**



Glæsilegt vandað 252 fm einbýli á einni hæð með rúmgóðum 60 fm bílskúr.
Einstök staðsetning í Áslandinu og stórkostlegt útsýni yfir bæinn, fjörðinn ofl.
**V. 105 millj.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi Jón sölustjóri s. 893-2233**

**Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

„Við framleiðum einnig plastkápur utan um ferðabækur og landakort bókaforlaganna, plöstum bækur og tímarit og öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meira til, er sinnt af nákvæmni og natni af starfsfólki Múlalundar.“



„Hver einasta króna skiptir Múlalund máli, ávinningurinn er samfélagsins í heild og við hjálpum fleirum sem glíma við fötlun eða veikindi að komast á vinnumarkað.“





Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. MYNDIR/EYÞÓR

# Góðvild og gæði á skrifstofuna

**Múlalundur vinnustofa SÍBS býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna og skapar tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Úrval og verð kemur þægilega á óvart.**

Á Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar starfa dugmiklir einstaklingar sem þurft hafa að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsubrests. Sigurður segir ánægjulegt að sjá starfsfólk Múlalundar byggja upp sjálfstraust og þrótt með þátttöku á vinnumarkaði. „Fólki er mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“




Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna

## Röð og regla með Egla

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna og verðin eru vel samkeppnishæf. „Oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ segir Sigurður sem á Múlalundi selur til dæmis gatapoka, plastvasa og klemmubækur framleiddar á Múlalundi auk viðbótarþjónustu eins og gyllingar merkis eða nafns á vörur. Þá má fá allar almennar skrifstofuvörur á einum stað.

„Egla möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi og hér innanhúss segjum við gjarnan „röð og regla með Egla“,“ segir Sigurður. „Þá seljum við einnig tímaritabox, sem líta eins út og Egla möppurnar, fyrir gögn sem ekki er hægt að gata. Þá er snyrtilegt að horfa yfir skrifstofuhillurnar. Fyrirtæki geyma gjarnan gögn um ákveðinn tíma í möppum en færa þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. Við bjóðum upp á allar þessar lausnir.

„Máltækið „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ á vel við. Múlalundur stendur og fellur með stuðningi samfélagsins og því að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir kaupi vörur af okkur,“ segir Sigurður og eiga viðskiptavinir ekki að þurfa að fara annað eftir almennum skrifstofuvörum.

„Að kaupa skrifstofuvörur af Múlalundi er einföld leið til að flétta saman samfélagslega ábyrgð og daglega starfsemi. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli, ávinningurinn er samfélagsins í heild og við hjálpum fleirum sem glíma við fötlun eða veikindi að komast á vinnumarkað,“ segir Sigurður.

## Vefverslunin vinsæl

Á heimasíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari pöntun yfir 16 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir lægri pantanir er sendingargjald 2.150 krónur.

Á Múlalundi er sífellt leitað nýrra verkefna svo skjóta megi fleiri og styrkari stoðum undir reksturinn.

„Langtímaverkefni eru þýðingarmikil fyrir starfsemi Múlalundar og dæmi um slíkt er að setja saman fylgigögn með greiðslukortum, að líma strikamerki og leiðbeiningar á umbúðir fyrir innflytjendur, ávaxtapökkun fyrir Ávaxtabílinn og fleiri verkefni sem starfsfólk Múlalundar hefur sinnt um langt skeið,“ upplýsir Sigurður.

„Við erum opin fyrir því að taka að okkur hluta úr framleiðslu fyrirtækja, jafnt rótgróinna sem sprotafyrirtækja sem eru að stíga sín fyrstu skref, og allt sem kallar á mikla handavinnu. Með því tökum við að okkur fjölbreytt verkefni til lengri og skemmri tíma,“ upplýsir Sigurður og nefnir ýmis dæmi úr framleiðslu Múlalundar.

„Við framleiðum fallegar kápur utan um prófskírteini útskriftarnema framhalds- og háskólanna, sem gera útskriftargögnin eigulegri og útskriftina að meiri viðburði. Þá hefur ferðaþjónustan komið sterk inn með framleiðslu á upplýsingamöppum fyrir hótelherbergi og flottum kápum utan um matseðla, þar sem merki veitingastaðarins er gjarnan letrað á eða þrykkt í kápuna. Við framleiðum einnig plastkápur utan um ferðabækur og landakort bókaforlaganna, plöstum bækur og tímarit og öllum þessum verkefnum, pökkun, merkingum, gyllingum og meira til, er sinnt af nákvæmni og natni af starfsfólki Múlalundar.“

## Öllum er mikilvægt að vinna

Frá árinu 1959 hefur Múlalundur verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný. „Árið 2017 greiddi Múlalundur yfir 100 milljónir í laun og skapaði varanleg störf fyrir meira en fjörutíu manns með skerta starfsorku. Að auki fengu aðrir fjörutíu tækifæri til að spreyta sig í fjögurra vikna vinnuprufum sem hjálpar fólki að komast af stað eftir langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði,“ upplýsir Sigurður. Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. „Starfsemin stendur því og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag eru mörg fyrirtæki að standa sig vel á sviði samfélagslegrar ábyrgðar,“ segir Sigurður.

> „Egla möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi og hér innanhúss segjum við gjarnan „röð og regla með Egla“!
>
> Sigurður Viktor Úlfarsson

## Virkir á vinnumarkaði

Góð samvinna er á milli Múlalundar og Reykjalundar, sem er einnig rekinn af SÍBS. „Múlalundur er einnig í góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og ræður fólk til vinnu af biðlistum, en umsækjendur geta þurft að bíða lengi á biðlista áður en þeir komast að,“ útskýrir Sigurður. Sigurður kallar eftir aukinni meðvitund fyrirtækja um samfélagsmál fólks með skerta starfsorku. „Markmiðið er að sem flestir séu virkir á vinnumarkaði. Hjá Vinnumálastofnun eru til hvetjandi úrræði sem styðja fyrirtæki í að taka við fólki með fötlun eftir starfsendurhæfingu hjá Múlalundi og víðar. Störf á Múlalundi gefa þeim, sem annars sætu heima aðgerðarlausir, tækifæri til að spreyta sig og taka þátt í verðmætasköpun samfélagsins.“ Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleira starfsfólki en forsenda fjölgunar er aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera, þótt vinnudagurinn sé lagaður að getu hvers og eins.“

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Sjá nánar á mulalundur.is.

# Lærdómsríkur tími í Svíþjóð

**Atli Þór Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, segir lærdómsríkt að kynnast starfsháttum í eigin fagi erlendis. Hann greip tækifærið þegar honum bauðst þátttaka í sérverkefnum í Stokkhólmi.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Lærdómskúrfan er mjög hröð og brött þegar maður fer að starfa erlendis og kemst í dýnamískt umhverfi þar sem viðskiptavinirnir eru svo mun stærri en hér heima. Þá þarf maður að vera snöggur að sigta út upplýsingarnar sem eru mikilvægar á móti þeim léttvægari. Það er auðvelt að týnast í tölunum sem eru af allt annarri stærðargráðu en hér heima. Það sem situr þó einna helst eftir er að endurskoðun á Íslandi er mjög framarlega þar sem mikið er um faglega þekkingu og auðvelt að beita henni um allan heim,“ segir Atli Þór Jónsson, löggiltur endurskoðandi hjá PwC, en hann stökk á tækifærið þegar honum bauðst að taka þátt í sérverkefnum í Stokkhólmi.

„PwC er alþjóðlegt net fyrirtækja þar sem er lögð áhersla á að fagþekking starfsmanna flæði óhindrað milli landamæra og öll PwC félög hjálpast að við að búa til alþjóðlega sérfræðinga sem geti starfað vítt og breytt um heiminn. Fyrir um það bil þremur árum óskaði PwC í Svíþjóð eftir aðstoð annarra Norðurlanda eftir reynslumiklu starfsfólki þar sem þau höfðu fengið endurskoðun Nordea banka á sitt borð og vildu nýta þá frábæru þekkingu sem við á Íslandi höfðum,“ útskýrir Atli. Við tók skemmtilegt tímabil með tíðum ferðum til Svíþjóðar.



Atli Þór Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi mælir hiklaust með því að sækja sér reynslu erlendis.

„Fyrirkomulag þeirra var mjög skemmtilega uppsett þar sem þau vildu fá mig til að taka þátt í verkefninu í nokkur ár sem kallaði á regluleg ferðalög í stað þess að fara einungis einu sinni til lengri tíma. Ég starfaði í Svíþjóð samanlagt 2-3 mánuði á ári en dreift yfir árið, allt frá því að kíkja í viku upp í að stoppa hjá þeim í heilan mánuð.“

## Lítil stórborg

„Stokkhólmur er frábær, lítil „stórborg“ þar sem er stutt í allt og auðvelt að komast á milli staða. Þar er mikil flóra veitingastaða sem er gaman að fara á en best var eftir langan vinnudag að rölta um borgina og njóta mannlífsins. Ég var staðsettur á glæsilegri skrifstofu PwC sem er í göngufjarlægð frá miðbænum með flottu útsýni. Einnig fer vinnan mikið fram hjá viðskiptavinum en höfuðstöðvar Nordea eru í miðborg Stokkhólms. Helstu verkefni mín fólust í að stýra hluta af alþjóðlegri endurskoðun Nordea banka með sérstakri áherslu á niðurfærslu útlánasafns bankans annars vegar og mat á verðbréfum eignastýringar hins vegar. Hluti af eignastýringarverkefninu fór fram í Danmörku í höfuðstöðvum bankans í Kaupmannahöfn. Ég varði því líka nokkrum dögum þar á ári.“

## Mikill metnaður

Atli segir lítinn mun á vinnuumhverfinu í Stokkhólmi og hér heima. Hann hafði heyrt sögur af styttri og fjölskylduvænni vinnuviku en þegar út var komið kynntist hann sama keppnisskapinu og þykir einkenna íslenskt atvinnulíf.

Það er í raun lítill munur á vinnuumhverfinu hér heim og ytra – þegar ég kom út í fyrsta skipti að vinna fyrir stóra endurskoðunarskrifstofu og stóran banka kom í ljós að vinnumenning þeirra er líkari þeirri í Ameríku en þessari hefðbundnu Svíþjóð sem maður hafði heyrt af,“ segir Atli. Hann hafi unnið með skemmtilegu fólki sem setti markið hátt.

„Sænskir kollegar eru frábærir. Þar er mikill metnaður og fólk vill ná langt á starfsferlinum. Fólkið í kringum mig var flest á aldrinum 22-30 ára og tilbúið til að leggja hart að sér. Hafði jafnvel útskrifast úr háskóla með hæstu einkunn og einblíndi á starfsferilinn. Það var til dæmis lítið um að yngra fólkið væri með börn. Hér á landi fer fólk að huga að barneignum mjög fljótlega eftir háskólanám að mínu mati en úti var barnafólkið flest komið yfir þrítugt. Þegar ég sagði þeim frá kollega mínum hjá PwC sem eignaðist barn fyrir háskólanám göptu flestir og skyldu ekki að hann hefði komist svo langt,“ segir Atli. Hann búi að þessari reynslu. „Ég mæli hiklaust með því fyrir alla þá sem hafa tækifæri til að stíga út fyrir þægindarammann og fara að vinna erlendis til að ná í dýrmæta reynslu.“

> **Sænskir kollegar eru frábærir. Þar er mikill metnaður og fólk vill ná langt á starfsferlinum. Fólkið í kringum mig var flest á aldrinum 22-30 ára og tilbúið til að leggja hart að sér.**
>
> Atli Þór Jóhannsson




Bókhaldslausnir fyrir alla

Lausnir okkar byggja á Microsoft Dynamics og henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.
Við förum létt með að laga bókhaldslausnir okkar sérstaklega að þínum rekstri.

TOK bókhald
Smærri fyrirtæki og einyrkjar
TOK er einföld bókhaldslausn sem auðvelt er að sníða eftir þínum þörfum og rekstri. TOK er skýjalausn sem fæst með mánaðarlegri áskrift.

Microsoft Dynamics NAV
Stór og miðlungsstór fyrirtæki
Alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi með einföldu notendaviðmóti. Hentar vel fyrirtækjum í heildsölu, smásölu og dreifingu. NAV er skýjalausn sem fæst með mánaðarlegri áskrift.

Microsoft Dynamics 365/AX
Fyrirtæki í umsvifamiklum rekstri
AX er alhliðalausn fyrir fyrirtæki í framleiðslu, sölu og þjónustu. Hentar vel fyrirtækjum með rekstur í mörgum löndum.

Sérfræðingar okkar eru reiðubúnir að finna lausn sem hentar þínum rekstri.

advania.is | advania@advania.is | 440 9000

advania

# Ráðgjöf KPMG styrkir stjórnendur og eflir starfsfólk

**Ráðgjafarsvið KPMG býður upp á heildstæða ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir og stjórnendur sem miðar að því að bæta ferla og gera þá skilvirkari. Þetta eru dagleg viðfangsefni Steinþórs Pálssonar, Lilju Erlu Jónsdóttur og Lárusar Lúðvígssonar, sérfræðinga í straumlínustjórnun eða lean.**

Starfið og verkefnin í straumlínustjórnun eru ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg," segir Lilja Erla, sem er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og hefur á undanförnum árum starfað við straumlínustjórnun, sjálfvirknivæðingu ferla og breytingastjórnun. „Í straumlínustjórnun er rík áhersla lögð á að setja viðskiptavininn í fyrsta sætið og markmiðið að það haldist í gegnum alla starfsemina, til dæmis með því að virkja starfsfólk í virðisskapandi umbótum. Í ráðgjöfinni leggjum við áherslu á að styrkja stjórnendur og efla starfsfólk í sínum hlutverkum með því að skapa vettvang og færa því í hendur tól til umbóta auk þess að bæta ferla, vera með markvissa markmiðasetningu og mælikvarða. Vettvangurinn skapar gott tækifæri til að tengja starfsfólkið við stefnu fyrirtækisins, brjóta niður múra milli skipulagsheilda, auka upplýsingaflæði og efla liðsheild."

Lárus, sem er rekstrarverkfræðingur og hefur starfað sem framleiðslustjóri og býr yfir mikilli þekkingu af framleiðsluferlum, bætir því við að teymið fylgi innleiðingum ávallt vel eftir. „Það gerum við til dæmis með kennslu og þjálfun starfsfólks. Við viljum gjarnan viðhalda langtímasambandi við viðskiptavini en fyrst og fremst að þeir verði sjálfbjarga í frekari umbótavinnu og haldi áfram að vinna með hugmyndafræðina."

Bæði starfa þau Lilja og Lárus sem ráðgjafar í straumlínustjórnun sem oft er einfaldlega kallað lean og hafa staðið á bak við farsæl umbótaverkefni bæði innanhúss hjá KPMG og með viðskiptavinum.

### Umbætur skili raunverulegu virði fyrir viðskiptavini

Steinþór Pálsson stýrir nú rekstrarráðgjöf á ráðgjafarsviði KPMG en hann er margreyndur í rekstri innlendra og alþjóðlegra fyrirtækja auk þess að hafa teksist á við mörg krefjandi verkefni á sviði stefnumótunar og breytingastjórnunar. Hann segir að það hafi komið sér ánægjulega á óvart hversu breiður og fjölhæfur hópurinn á ráðgjafarsviði KPMG sé. „Teymið í straumlínustjórnuninni er framúrskarandi og við erum sterk í stefnumótunarráðgjöfinni en styrkurinn liggur líka á svo mörgum öðrum sviðum." Í því sambandi nefnir hann áhættustjórnun og innra eftirlit, verðmats- og áreiðanleikamatsráðgjöf sem og upplýsingatækniráðgjöf og það sem henni fylgir. „Þetta ásamt virkri alþjóðlegri tengingu er okkar helsti styrkur og þar liggur samkeppnisforskotið."

Lárus tekur undir með Steinþóri og lætur þess einnig getið að alþjóðatengingin sé sannarlega til staðar. „Við höfum til dæmis átt farsælt samstarf við KPMG í Finnlandi og fengið sérfræðinga þaðan til að vinna verkefni tengd netöryggi (e. cyber security). Þá hefur viðskiptagreindarteymið unnið með KPMG í Þýskalandi og sterkt samstarf hefur verið við KPMG í Bretlandi og Danmörku hvað varðar verðmöt og áreiðanleikamöt á fyrirtækjum í fjármálageiranum aðallega en einnig víðar í atvinnulífinu," segir hann.



Lilja Erla Jónsdóttir og Steinþór Pálsson starfa við rekstrarráðgjöf hjá KPMG. MYND/EYÞÓR



KPMG hefur ráðið til sín sérfræðinga og þjálfað starfsfólk í rafvæðingu ferla.

Steinþór bætir því við að starfsfólk KPMG hafi að sama skapi verið á faraldsfæti og verið bætt við teymi í mörgum löndum til að leysa þar flókin og krefjandi verkefni.

### Nýting skrifstofuþjarka og straumlínustjórnun fara vel saman

Þróun við rafvæðingu hefur verið hröð á umliðnum árum og skrifstofuþjarkar nýtast nú við að auka skilvirkni, meðal annars með betri nýtingu starfsfólks og minni líkum á mannlegum mistökum og skýrari ferlum. „Við teljum að þarna liggi gríðarleg tækifæri fyrir viðskiptavini KPMG og við erum með nokkur verkefni í gangi, til dæmis fyrir fyrirtæki í fjarskiptaog tryggingageiranum. Þá hefur KPMG ráðið til sín sérfræðinga og þjálfað starfsfólk í rafvæðingu ferla til að takast á við slík verkefni með nýtingu á nýjustu tækni og þetta er þegar farið að skila árangri hjá viðskiptavinum og einnig hér innanhúss hjá KPMG en við höfum lagt áherslu á að nýta tæknina við að rafvæða ferla að hluta eða öllu leyti," segir Steinþór.

> **Í ráðgjöfinni leggjum við áherslu á að styrkja stjórnendur og efla starfsfólk í sínum hlutverkum með því að skapa vettvang og færa því í hendur tól til umbóta.**

Lilja Erla segir að ráðgjöf í straumlínustjórnun og innleiðing skrifstofuþjarka geti farið ótrúlega vel saman þótt það sé kannski ekki augljóst í fyrstu. „Hvort tveggja snýst um að bæta ferla og nýta starfskrafta fólks á skynsamlegan máta." Þá bendir Lárus á að fókusinn sé alltaf á að hjálpa viðskiptavininum við að leysa vandamál og gera honum lífið auðveldara. „Við komum ekki endilega með tilbúnar lausnir heldur greinum vandamál og tækifæri og veljum réttu tólin til að vinna úr þeim með viðskiptavinum okkar. Þar höfum við öflugt teymi sem býr yfir mikilli þekkingu og úr mörgu að velja."

Steinþór, Lárus og Lilja Erla eru sammála um að mikil gerjun eigi sér stað í viðskiptaumhverfi nútímans, hvort sem er á Íslandi eða á alþjóðavísu. Steinþór telur augljóst að stjórnendur þurfi að vera á tánum nú sem aldrei fyrr og leggja áherslu á viðskiptavininn auk þess að nýta sér tækni og mannauð með skilvirkum hætti. Lilja Erla tekur undir með Steinþóri en bendir enn fremur á að tækifærin séu mörg og skynsamleg nýting upplýsingatæknilausna og mannauðs sé grundvallaratriði og lykillinn að velgengni. Þau segjast vel í stakk búin til að vinna með viðskiptavinum við að takast á við núverandi áskoranir og undirbúa þá undir framtíðina.



Liam Neeson fór með hlutverk bókarans Oscars Schindler.

## Tíu góðar myndir um bókara

Bókhald virðist við fyrstu sýn ekkert voðalega spennandi en sumar af vinsælustu kvikmyndum sögunnar hafa einmitt fjallað um bókhaldara og æsispennandi ævintýri þeirra, gleði og sorg. Eftirfarandi tíu kvikmyndir svíkja engan um skemmtun og gefa óvænta innsýn í líf bókara, sem sitja ekki allir hlekkjaðir við bókhald eins og sumir kynnu að halda.

***The Untouchables (1987)***
– bókarinn Oscar Wallace ræðst gegn mafíósanum Al Capone.
***Wall Street (1987)***
– „Græðgi er góð“.
***Shawshank Redemption (1994)***
– bókari lendir í fangelsi eftir að vera sakaður um morð á eiginkonu sinni.
***Ghostbusters (1984)***
– bókari stígur í vænginn við dömu sem býr í andsetnu húsi.
***Schindler's List (1993)***
– Bókarinn Oskar Schindler bjargaði yfir þúsund gyðingum frá nasistum í seinni heimsstyrjöldinni.
***The Royal Tenenbaums (2001)***
– bókari gerir það gott og fær líka konuna sem hann þráir.
***Jurassic Park (1993)***
– bókarinn er sá fyrsti sem étinn er af Tyrannosaurus rex risaeðlu.
***Lethal Weapon 2 (1989)***
– hér stendur leikarinn Joe Pesci í bullandi peningaþvætti .
***Margin Call (2011)***
– mynd til varnar græðgi og óhófi.
***The Accountant (2016)***
– Ben Affleck leikur bókara sem einnig er þjálfaður launmorðingi.



## Saga íslenskra skatta

Saga skatta á Íslandi var tekin saman árið 2013 af Friðriki G. Olgeirssyni. Ritið er í tveimur bindum en á vefsíðu Ríkisskattstjóra er að finna annál eftir Friðrik um helstu atburði í skattasögu þjóðarinnar. Annállinn nær aftur til ársins 1840 frá 2016 og er farið yfir allar helstu breytingar sem orðið hafa á skattakerfi Íslendinga. Grímur Jónsson, fyrrverandi amtmaður, lagði fyrstu drög að því að tíundakerfið yrði lagt af árið 1840. Fjörutíu ár tók að koma nýju skattkerfi í framkvæmd.

Fyrsta skattstofan á Íslandi tók til starfa árið 1922. Hún var í Reykjavík og á næstu áratugum voru stofnaðar skattstofur víða um land. Fyrsti skattstjórinn var Einar Arnórsson. Árið 1962 var embætti ríkisskattstjóra stofnað í kjölfar þess að skattkerfið allt var stokkað upp. Embætti skattstjóra voru í framhaldinu sett á fót í hverju kjördæmi. Árið 2010 voru öll skattaumdæmi sameinuð undir ríkisskattstjóra.

**Heimild www.rsk.is**

## Bókhald á sér langa sögu

Bókhald er ekki nýtt af nálinni og það á sér langa sögu sem er samofin sögu viðskipta og verslunar. Til eru fornar minjar um skráningu á verðmætum og tölulegum upplýsingum allt frá þeim tíma sem viðskipti komu til sögunnar. Bækur fjármálastjórnarinnar í Genúa á Ítalíu frá árinu 1340 eru elstu heimildir sem til eru um tvíhliða bókhald, sem á einmitt uppruna sinn að rekja til Ítalíu og er enn í notkun. Tvíhliða bókhald breiddist út frá Ítalíu til nærliggjandi landa, svo sem Þýskalands og síðan Hollands og Englands og einnig norður eftir álfunni. Hansakaupmennirnir færðu t.d. tvíhliða bókhald þegar á 14. og 15. öld. Tvíhliða bókhald þýðir í sinni tærustu mynd að hverja bókhaldsfærslu þarf að færa á tvo bókhaldslykla og að debet verður að vera jafnt og kredit. Frönsk lög frá árinu 1673 eru þau fyrstu sem sett voru um færslu bókhalds en samkvæmt þeim var kaupmönnum skylt að færa bókhald árlega og efnahagsreikninga annað hvert ár og fylgigögn skyldu geymd í ákveðinn tíma. Á nítjándu öld kom dálkadagbókin fram á sjónarsviðið og hafði í för með sér miklar framfarir í færslu bókhalds. Árið 1911 var bókhaldsskylda lögleidd hérlendis með lögum um verslunarbækur.




Tvíhliða bókhald á rætur sínar að rekja til Ítalíu. NORDICPHOTOS/GETTY






























**- NÝ -**
SENDING

# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ Ciso



## Queer Eye kemur aftur á föstudag

Önnur syrpa Netflix-þáttanna Queer Eye kemur inn á streymisveituna á föstudaginn, 15. júní. Fyrsta stiklan úr þáttaröðinni var birt á fimmtudaginn í síðustu viku og þar sást að í þessari þáttaröð taka þeir bæði konu og transmann undir verndarvæng sinn í fyrsta sinn.

Queer Eye þættirnir voru endurvaktir af Netflix eftir rúmlega áratugar hlé á síðasta ári og fyrsta syrpan af nýju þáttunum var birt í febrúar á þessu ári. Þættirnir ganga út á að fimm manna hópur samkynhneigðra karlmanna tekur að sér að bæta líf eins einstaklings, sem er yfirleitt einhleypur gagnkynhneigður karlmaður.

Nýju þættirnir slógu óvænt í gegn, en þeir eru töluvert öðruvísi en þeir gömlu. Nýir stjórnendur hafa tekið við, áherslan er meiri á sálfræðilegu hliðina og að byggja fólk upp frekar en útlitið og þættirnir hafa tekið fyrir alls kyns samfélagsvandamál og snert hjartastrengi áhorfenda á ýmsan hátt.

Í nýju þáttaröðinni snúa hinir fimm fræknu aftur til Georgíu í Suðurríkjum Bandaríkjanna en það hefur þegar verið staðfest að þriðja þáttaröðin er tekin upp í bænum Yass í Ástralíu. Áhorfendur þáttanna geta líklega getið sér til um hvers vegna nafn bæjarins höfðaði til stjórnendanna.



Nú stendur yfir sýning á búningum á Árbæjarsafni.

## Þjóðbúninginn í brúk

Nú stendur yfir þjóðbúningasýningin Búningana í brúk! á Árbæjarsafni. Þar getur að líta fjölbreyttar gerðir íslenskra þjóðbúninga en sýningin var opnuð í Lækjargötu á laugardaginn var og stendur yfir til sunnudagsins 17. júní. Prúðbúnar félagskonur í Heimilisiðnaðarfélaginu sitja yfir sýningunni allan sýningartímann og þær veita gestum góðfúslega upplýsingar um íslenska þjóðbúninga en félagið hefur staðið fyrir átaksverkefninu Út úr skápnum – þjóðbúningana í brúk síðustu vikur og mánuði. Markmiðið með því er að vekja fólk til umhugsunar um íslensku búningana og hvetja það til að nota búninginn við sem flest tækifæri. Sýningin er haldin í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Hún er opin frá kl. 10-17 alla daga. Búningana í brúk! er yfirskrift þjóðbúningasýningar sem var opnuð í Árbæjarsafni síðastliðinn laugardag, 9. júní. Meðlimir Heimilisiðnaðarfélagsins settu upp sýninguna í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins og hún nýtur styrks úr afmælissjóði.

# Spessi í spjalli

Ljósmyndarinn Spessi verður í Listamannaspjalli í Klúbbi Listahátíðar í dag í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Spjallið hefst klukkan 12.

Portrettmyndir Spessa úr Breiðholtinu sýna fjölbreytta mannlífsflóru í póstnúmerinu 111.

Um sýninguna segir á vef Listahátíðar:

„Í portrettmyndum Spessa er engu líkara en viðfangsefnið, umhverfið og væntingar ljósmyndarans renni saman í eina órofa heild. Hann veit að hverju hann leitar en er ekki alveg öruggur um hvað hann fær. Eftirvæntingin skilar sér í einhvers konar undarlega settlegri óvissustemningu.“ E.G.

Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 17 í Rýmd, Völvufelli 13.

Sýningin er í samstarfi við Breiðholts Festival og er styrkt af starfslaunasjóði listamanna og menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar.



Spessi sýnir fjölbreytt mannlíf Breiðholtsins


SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK

Frjáls framlög – enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.





Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**SÍÐASTI BÍLLINN ! 15 SELDIR !**
Nýr Suzuki SX4 S-Cross LUX, Diesel, Sjálfsk. Leður, glerþak,, kostar 5.2 í Suzuki, OKKAR VERÐ aðeins 3.990 þús !



**ÓDÝR OG NÝR !!!**
VW Golf Trendline 1.6 Diesel 06/2018 beinsk. Okkar verð 3.290 ! HEKLA 3.790 !!! Er á staðnum.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**SUZUKI**



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 152.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu

Til sölu Mazda 2 árg.2015 Bílinn er ekinn 33 þús,beinskiptur og fimm dyra. Verð 1.790 þús Uppl.858-3015

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Hjólhýsi




**GÆÐA SÓLARSELLUR**
verð með öllu 60 þús 100W
**Áhugasamir hafið samband í s. 863 4449 eða á: kriben@ simnet.is**



**HJÓLHÝSADRIF MOVER.**
Kronings mover Skoðið á kronings.com Verð frá kr.168 þús.Til á lager.Áhugasamir hafi samband við KB-Imports ehf. S:8634449

kriben@simnet.is

## Fellihýsi



Rockwood fellihýsi, 12 ft, árg 2010. Mjög lítið notað. Verð 1690 þúsund. Uppl í s. 6919988.

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

## Hjólbarðar







**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir




## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónustan Þvegillinn**
**5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn Þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.



# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677







**LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR !**
Úrval af girðingaefni til sölu. ÍsBú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com







HB HÚSGAGNABANKINN
NÝKOMIN SENDING AF GLÆSILEGUM HÚSGÖGNUM
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Innskotsborð
Tilboð kr. 48.000
Hliðarborð 90
Tilboð kr. 49.000
Snyrtiborð 100
Tilboð kr. 116.000
Borðstofuborð 180 + 60
Tilboð kr. 179.000
Borðstofustóll
Tilboð kr. 33.000
Blaðgrindarborð
Tilboð kr. 30.000
Blaðgrindarborð
Tilboð kr. 30.000
Blómaborð
Tilboð kr. 31.000
Sófaborð 110
Tilboð kr. 82.000
Sófaborð 110
Tilboð kr. 65.000
Skenkur 114
Tilboð kr. 98.000
Vínskápur 112
Tilboð kr. 98.000
Skenkur 120
Tilboð kr. 96.000
Skenkur 175
Tilboð kr. 137.000
Skenkur 145
Tilboð kr. 134.000
Sjónvarpsskápur 135
Tilboð kr. 88.000
Sjónvarpsskápur 122
Tilboð kr. 96.000
Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 121.000
Sjónvarpsskápur 180
Tilboð kr. 116.000
Sjónvarpsskápur 150
Tilboð kr. 125.000
Bow Fronted 180
Tilboð kr. 223.000
French Curio 70
Tilboð kr. 93.000
Hornskápur 76
Tilboð kr. 84.000
Chippendale 120
Tilboð kr. 143.000
Vanessa 175
Tilboð kr. 249.000
Chippendale 180
Tilboð kr. 256.000
Classico alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 290.000
Portland alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 356.000
Houston alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 373.000
Michigan alklætt ekta leðri
Tilboð kr. 317.000
Opið 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030



Gunnhildur Yrsa segir ekki hægt að hleypa karlalandsliðinu á Heimsmeistaramótið í ár og komast svo ekki sjálfar á HM í Frakklandi á næsta ári, létt í bragði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leikurinn gegn Slóveníu í kvöld jafn mikilvægur og sá gegn Þýskalandi

**Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, sem leikur með Utah Royals og íslenska kvennalandsliðinu, segir að íslenska liðið sé vel stemmt og tilbúið í leikinn gegn Slóveníu á Laugardalsvelli í kvöld. Sigur í kvöld þýðir að stelpurnar okkar verði í toppsætinu fyrir lokaumferðirnar tvær í haust en efsta liðið kemst beint inn á Heimsmeistaramótið 2019 sem fram fer í Frakklandi. Gunnhildur segir eftirvæntinguna mikla.**

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að koma til móts við liðið og við vitum hversu mikilvægur leikurinn er, við þurfum þrjú stig hér ef við ætlum okkur að komast inn á HM þannig að eftirvæntingin er mikil. Við erum keppnismanneskjur og við getum ekki hleypt karlalandsliðinu á HM og komist svo ekki sjálfar,“ sagði Gunnhildur hlæjandi og bætti við:

„Við viljum auðvitað feta í þeirra fótspor, það er gaman að sjá hvað þjóðin fylkir sér á bak við þá og við finnum fyrir þessum meðbyr.“

Er þetta fjórða viðureign liðanna á stuttum tíma en Ísland hefur unnið alla þrjá leikina til þessa. Hafa þær skorað tólf mörk í þessum þremur leikjum og haldið markinu hreinu. Gunnhildur sagði erfitt að skoða Slóvenana.

„Þetta er lið sem maður veit ekkert hvernig spilar fyrr en flautað er á. Þær eru orðnar öflugri og erfiðar viðfangs, þetta verður þolinmæðisverk en ef við spilum okkar leik tökum við þrjú stig. Við bjuggumst við því að þetta yrði erfitt í Slóveníu en náðum að brjóta þær niður og við erum undir það búnar ef það gerist aftur,“ sagði Gunnhildur en hún tók því fagnandi að vera með örlögin í eigin höndum.

„Það er betra að hafa þetta í okkar höndum, þessi leikur er alveg jafn mikilvægur og leikirnir í september og við þurfum að mæta í hann af fagmennsku.“

Gunnhildi líður vel í NWSL-deildinni vestanhafs en hún segir að bandaríska deildin sé sú sterkasta sem hún hafi leikið í.

„Mér líður mjög vel í Utah, þetta er skemmtileg deild og það eru öll lið mjög svipuð að getu þannig að þetta eru alltaf erfiðir leikir. Ég er mikil keppnismanneskja og vil þurfa að leggja 100% í alla leiki. Það tók okkur smá tíma að komast í gang en við stefnum á úrslitakeppnina.“

## Vel mætt á alla leiki

„Við erum í rauninni með alveg nýtt lið, erum með nýjan þjálfara og nýja leikmenn en bæjarfélagið hefur tekið okkur ótrúlega vel. Það eru 8.000 manns á öllum leikjum. Eigandinn sem á líka karlaliðið í bænum gerir allt fyrir okkur sem er eitthvað sem þekkist ekki alls staðar í kvennaboltanum,“ sagði Gunnhildur sem kann mjög vel við fjallaloftslagið.

„Fjallið, umhverfið og náttúran. Þetta er allt saman frábært, bærinn er svolítið sérstakur en ég kann ótrúlega vel við mig í Utah.“

kristinnpall@frettabladid.is

## 17-0 í síðustu fjórum leikjum

Kvennalandslið Íslands og Slóveníu hafa mæst fimm sinnum og er tölfræðin íslenska liðinu í hag. Slóvenía vann reyndar fyrsta leik liðanna, 2-1, í undankeppni EM 2009.

Íslendingar hafa unnið síðustu fjóra leiki sína gegn Slóvenum með markatölunni 17-0. Ísland vann seinni leikinn gegn Slóveníu í undankeppni EM 2009 með fimm mörkum gegn engu. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrjú marka Íslands í leiknum. Ísland vann báða leikina gegn Slóveníu í undankeppni EM 2017; 0-6 úti og 4-0 heima. Dagný Brynjarsdóttir skoraði tvö mörk í báðum leikjunum. Með sigrinum á Laugardalsvelli héldu Íslendingar upp á sæti í þriðju lokakeppni EM í röð.

Íslensku stelpurnar unnu svo fyrri leikinn gegn því slóvenska í undankeppni HM 2019 með tveimur mörkum gegn engu. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir og Rakel Hönnudóttir skoruðu mörkin í fyrri hálfleik.

Sigur í leiknum í kvöld, sem yrði fimmti sigurinn á Slóveníu í röð, kæmi Íslandi á topp síns riðils í undankeppninni og í góða stöðu fyrir leikina gegn Þýskalandi og Tékklandi í haust. – iþs



Freyr Alexandersson er þjálfari íslenska kvennalandsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Styrkur Argentínumanna hefur ekkert breyst

**Helgi Kolviðsson, aðstoðarmaður Heimis Hallgrímssonar, segir fyrstu kynni af Rússlandi góð. Landsliðið æfði í viðurvist um 2.000 áhorfenda í gær þar sem menn hristu af sér ferðaþreytuna. Helgi segir að það hafi ekki mikil áhrif þótt argentínska liðið hafi misst af vináttulandsleiknum gegn Ísraelum.**

**FÓTBOLTI** Það var létt yfir Helga Kolviðssyni aðstoðarlandsliðsþjálfara þegar hann ræddi við blaðamann Fréttablaðsins eftir fyrstu æfingu íslenska liðsins eftir komuna til Rússlands. Um 2.000 manns fylgdust með æfingunni sem fór fram í Kabardinka, bæ skammt frá Gelendzhik þar sem landsliðið dvelur.

„Við komum með mikinn farangur í gær og þurftum að koma honum í gegnum tollinn. Þetta var mikil vinna og það voru margir sem sváfu lítið í nótt,“ sagði Helgi eftir æfinguna.

Hann segir að fyrsta æfing í Rússlandi hafi farið í það að koma mönnum aftur í gang eftir langt ferðalag, hrista skankana og átta sig á aðstæðum. Taktík hafi ekkert komið við sögu.

„Þetta var opin æfing og við gerðum ekkert sem við munum gera í leikjum. Við vorum bara að koma mönnum af stað, aðlagast hitanum og tímamismuninum,“ sagði Helgi. Öll orka þjálfarateymisins fer nú í að undirbúa leikinn gegn Argentínu í Moskvu 16. júní.

„Einbeitingin fer algjörlega á Argentínuleikinn. Við æfðum mikið áður en við komum og nú er að fara enn betur yfir leik Argentínu. Það

> **Við vorum bara að koma mönnum af stað, aðlagast hitanum og tímamismuninum**
>
> Helgi Kolviðsson, aðstoðarmaður Heimis Hallgrímssonar

styttist óðum í hann,“ sagði Helgi. Argentínska liðið kom til Rússlands á laugardaginn, líkt og það íslenska. Það hefur gengið á ýmsu í undirbúningi Argentínumanna fyrir HM en tveir leikmenn sem hefðu væntanlega verið í byrjunarliðinu í Rússlandi, Sergio Romero og Manuel Lanzini, meiddust og verða ekkert með á mótinu.

Þá hætti Argentína við að mæta Ísrael í vináttulandsleik sem átti að fara fram í Jerúsalem á laugardaginn af pólitískum ástæðum.

„Það er verra fyrir okkur, að sjá þá ekki einu sinni í viðbót. En hvort það breyti einhverju veit ég ekki. Við höfum séð marga leiki með þeim og það á ekki að vera margt sem ætti að koma okkur á óvart. Við vitum allt um styrkleika þeirra. Þeir hafa ekkert breyst þótt þeir hafi sleppt þessum leik,“ sagði Helgi að lokum.

ingvithor@frettabladid.is



**Helgi Kolviðsson segir að ekkert eigi að koma strákunum á óvart í leik Argentínumanna. Íslenska liðið viti allt um styrkleika þeirra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 5 DAGAR í HM



**Sverrir Ingi Ingason**

**Aldur:** 24
**Staða:** Varnarmaður
**Félag:** Rostov í Rússlandi
**Landsleikir:** 20 / 3 mörk

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Stjarnan - Fjölnir 6-1**
1-0 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (27.), 1-1 Bergsveinn Ólafsson (40.), 2-1 Hilmar Árni Halldórsson (47.), 3-1 Baldur Sigurðsson (52.), 4-1 Guðjón Baldvinsson (57.), Guðmundur Steinn Hafsteinsson (59.), 6-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (61.)

**KR - FH 2-2**
1-0 Kennie Chopart (7.), 1-1 Steven Lennon (56.), 2-1 Andre Bjerregaard (90+4.), Atli Guðnason (90+5.)

**Staðan eftir átta umferðir**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 15 | KR | 10 |
| Breiðablik | 14 | Víkingur R. | 9 |
| Grindavík | 14 | Fjölnir | 9 |
| Stjarnan | 14 | KA | 8 |
| FH | 13 | ÍBV | 8 |
| Fylkir | 11 | Keflavík | 3 |





ŠKODA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á frábæru tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
11. JÚNÍ 2018 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir

**1509** Hinrik VIII Englandskonungur kvænist fyrsta sinni. Það gerði hann fimm sinnum í viðbót á ævinni.

**1535** Greifastríðinu í Danmörku lýkur með sigri Kristjáns 3. í orrustunni við Øksnebjerg.

**1870** Bruggverksmiðjan Amstel er stofnuð í Hollandi.

**1910** Gasstöð Reykjavíkur tekur til starfa.

**1911** Melavöllurinn í Reykjavík vígður.

**1957** Handknattleikssamband Íslands er stofnað.

**1975** Lög um fóstureyðingar við sérstakar aðstæður taka gildi á Íslandi.

**1982** Orrustan um Stanley, lokaorrusta Falklandseyjastríðsins, hefst.



**1987 Margaret Thatcher** verður fyrsti breski forsætisráðherrann til að vinna kosningar þrisvar í röð á síðustu 160 árum.

**1994** Íslandssíld er landað í fyrsta skipti í 27 ár.

**1994** Sveitarfélögum á Íslandi fækkar um 18.



**2000** Hafez Assad Sýrlandsforseti deyr, 69 ára að aldri.

**2001** Timothy McVeigh tekinn af lífi fyrir hlut sinn í sprengingu í Oklahoma-borg.

**2004 Ronald Reagan** er borinn til grafar.

---



†

Faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**Magnús Davíð Elliðason**

lést sunnudaginn 3. júní.
Útförin fer fram föstudaginn 15. júní klukkan 13 frá Áskirkju.

**Ólafur Davíð Magnússon**
**Guðmundur Magnússon** **Arndís Sigríður Bjarnadóttir**
**Guðlaug Eygló Elliðadóttir** **Ari Reynir Halldórsson**
**Júlíus Elliðason** **Ása Ásgrímsdóttir**
**Þröstur Elliðason**
**Guðrún Hrefna Elliðadóttir** **Svavar Valur Svavarsson**
**og barnabarn.**

---



†

Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarnheiður Gísladóttir**
**frá Hausthúsum,**

lést umvafin ástvinum sínum á Heilbrigðisstofnun Vesturlands þann 6. júní síðastliðinn.

**Auðbjörg Friðgeirsdóttir** **Úlfar Ragnarsson**
**Þórarinn M. Friðgeirsson** **Ásdís H. Júlíusdóttir**
**Arnar Þ. Friðgeirsson**
**Guðjón Viggósson og fjölskylda**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Ármanns**

lést fimmtudaginn 7. júní. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 14. júní kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Sigurður I. Ólafsson**
**Ragnhildur Sigurðardóttir** **Örn Guðmundsson**
**Ólafur Kr. Sigurðsson** **Sigrún Ósk Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Legsteinn Viggu gömlu tilbúinn fyrir vígsluna

**Flökkukonan Vigdís Ingvadóttir úr Mýrdal fær loks legstein rúmum sextíu árum eftir andlátið. Steinn verður afhjúpaður við athöfn í Skeiðflatarkirkjugarði á laugardag. Aðalsprautan í málinu vonast eftir góðri aðsókn þótt athöfnin sé í miðjum HM-leik Íslands og Argentínu.**



**Sóknarnefndarformaðurinn útvegaði mannskap til að koma legsteini Viggu gömlu fyrir í Skeiðaflatarkirkjugarði. Þar bíður steinninn þess að verða afhjúpaður.** MYND/EVA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR

Ég er óskaplega ánægð," segir listakonan Jóna Sigríður Jónsdóttir sem farið hefur fremst í flokki við að koma legsteini á leiði flökkukonunnar Vigdísar Ingvadóttur, Viggu gömlu. Steinninn er nú tilbúinn.

Fréttablaðið sagði frá framtaki Jónu Sigríðar og vinkvenna hennar í byrjun nóvember í fyrra og rakti lífshlaup Viggu gömlu sem ólst upp við einelti og jafnvel ofbeldi á heimili sínu í Mýrdal og lagðist tíu ára gömul í flakk.

Vigga hvílir í ómerktri gröf í Skeiðflatarkirkjugarði í Mýrdalshreppi. Úr því vildi Jóna Sigríður bæta og nú hefur það tekist. „Steinninn kemur mjög vel út og fellur vel inn í allt. Þetta er allt mjög lágstemmt," segir hún.

Þegar Fréttablaðið sagði frá málinu í fyrrahaust gáfu að minnsta kosti þrjár steinsmiðjur sig fram og sögðust vilja gefa stein á leiðið. Fyrir valinu varð gabbrósteinn frá Hornafirði sem S. Helgason lagði til. Fjölmargir aðrir vildu leggja hönd á plóginn til að heiðra minningu flökkukonunnar sem átti erfiða ævi. Hún lést 92 ára gömul árið 1957.

**Ég fékk strax þessa hugmynd að setja gler í steininn vegna þess að Vigga skreytti sig með alls konar glingri og var mjög litaglöð.**



Jóna Sigríður Jónsdóttir

„Þegar þetta kom í Fréttablaðinu þá stoppaði ekki síminn og það streymdu peningar inn á reikninginn. Það var hægt að gera þetta veglegt og svolítið í anda Viggu. Ég fékk glerlistakonuna Sigrúnu Einarsdóttur, sem á fyrirtækið Gler í Bergvík, til að gera fyrir mig gler til að setja í steininn," segir Jóna Sigríður. Um sé að ræða fjögur glerlistaverk sem séu greypt inn í steininn.

„Ég fékk strax þessa hugmynd að setja gler í steininn vegna þess að Vigga skreytti sig með alls konar glingri og var mjög litaglöð. Þetta eru tölur – hún skreytti sig með tölum sem urðu á vegi hennar," útskýrir Jóna Sigríður.

Vígsluathöfnin fer fram klukkan 14.00 næsta laugardag, eða á sama tíma og Ísland leikur við Argentínu í fyrsta leik sínum á HM í Rússlandi. Jóna Sigríður segir að sér hafi verið bent á að þetta kunni að draga úr aðsókn.

„En það þurfti að smella svo mörgum þáttum saman að við bara gátum ekki breytt þessu – því miður," útskýrir Jóna Sigríður. „Sóknarnefndin verður þarna örugglega og vonandi fólk úr sveitinni – og allir sem studdu málið og styrktu okkur; Mýrdælingar og Eyfellingar og brottflutt fólk sem hafði samband við mig og gaf í söfnunina. Ég veit að þetta er ekki alveg nógu góður dagur en vona innilega að það geti komið."

**gar@frettabladid.is**



**Vigdís Ingvadóttir.**

---

ÞETTA GERÐIST 11. JÚNÍ 1935

## Lauk lögfræðiprófi fyrst kvenna



Þann 11. júní 1935 lauk fyrsta konan lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands, eða fyrir sléttum 88 árum. Sú hét Auður Auðuns.

Auður varð svo síðar fyrst kvenna til að gegna embætti borgarstjóra í Reykjavík og ráðherra á Íslandi.

Auður var fædd á Ísafirði hinn 18. febrúar 1911 og lést 19. október 1999. Hún var dóttir Jóns Auðuns Jónssonar, alþingismanns, fyrst fyrir Íhaldsflokkinn og svo seinna fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og Margrétar Guðrúnar Jónsdóttur. Auður tók stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík árið 1929 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1935. Ári seinna giftist hún Hermanni Jónssyni hæstaréttarlögmanni og eignaðist með honum fjögur börn. Hún starfaði sem lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur á árunum 1940-1960, var bæjar- og síðar borgarfulltrúi í Reykjavík á árunum 1946-1970, forseti bæjarstjórnar, síðar borgarstjórnar 1954-1959 og 1960-1970 og gegndi embætti borgarstjóra í Reykjavík, ásamt Geir Hallgrímssyni frá 19. nóvember 1959 til 6. október 1960. Hún var alþingismaður Reykvíkinga 1959- 1974 fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Sat á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1967. Hún var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra hinn 10. október 1970 og gegndi embættinu fram á mitt sumar 1971. Hún sat einnig í útvarpsráði 1975-1978.

Auður var einnig virk í Kvenréttindafélagi Íslands og var gerð að heiðursfélaga þar 19. júní 1985 þegar sjötíu ár voru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt.

SAMSUNG

*Komdu í Lágmúla og gerðu góð kaup!*

5 dagar í keppni

# HM-tilboð

## þegar græni liturinn skiptir öllu máli

**Fullt hús af Samsung sjónvörpum í mörgum stærðum og gerðum, bognum eða beinum, bara Samsung gæði.**

UE65MU9005 299.900,-

UE55MU9005 269.900,-

QE55Q7C 249.900,-

QE65Q7C 359.900,-

UE55MU7055 189.900,-

UE75MU7005 389.900,-



UE55MU6175 129.900,-

UE75MU6175 349.900,-

UE55MU6455 169.900,-

SAMSUNG SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Hæg suðlæg átt í dag og smáskúrir vestan til en austlægari og lítils háttar rigning eða súld norðanlands, annars skýjað og þurrt. Milt í veðri.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 6° | 10° |
| ↖ 7 | ↗ 4 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 11° | 6° |
| ↓ 3 | ↑ 4 | ↑ 6 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 6° | 7° |
| ↘ 4 | ↑ 2 | ↙ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° | 10° | 8° |
| ↙ 4 | ← 5 | ↙ 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. tíund
5. reiðihljóð
6. reyndar
8. afgangar
10. rómversk tala
11. einkar
12. matreiða
13. óhapp
15. gimsteinn
17. efni

**LÓÐRÉTT**
1. slettast
2. smyrsl
3. fugl
4. skýli
7. niðurstaða
9. svikult
12. skynfæri
14. sníkjudýr
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** skatt, **5.** urr, **6.** jú, **8.** leifar, **10.** lm, **11.** all, **12.** elda, **13.** slys, **15.** túrkis, **17.** satín.
**LÓÐRÉTT: 1.** sullast, **2.** krem, **3.** ari, 4. tjald, **7.** úrlausn, **9.** falskt, **12.** eyra, **14.** lús, **16.** ii.

## Skák Gunnar Björnsson

Sigurbjörn Björnsson (2.295)) átti leik gegn Þresti Þórhallssyni (2416) í lokaumferð Íslandsmótsins. Má hann drepa peðið á b3?
**Svartur á leik**




**90. ... Bxb3! 91. c5 Bxf7! 92. cxb6 Bg6! 0-1.** Helgi Áss Grétarsson varð Íslandsmeistari í skák. Lenka Ptácníková varð Íslandsmeistari kvenna og Gauti Páll Jónsson varð unglingameistari í skák undir 22 ára.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.





MARKAÐURINN
Viðskiptafréttir sem skipta máli
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

**11. JÚNÍ 2018**

### Tónlist

**Hvað?** Luiza Sales & Pedro Carneiro Silva á stofutónleikum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Óðinsgata 7
Brasilískir sumartónar munu hljóma á einstaklega huggulegum stofutónleikum Heimstónlistarklúbbsins í dag, mánudaginn 11. júní. Þar kemur fram dúett frá Rio de Janeiro sem skipa þau Luiza Sales og Pedro Carneiro Silva. Stofutónleikar Heimstónlistarklúbbsins eru haldnir í fyrsta skipti á Óðinsgötu 7 í samvinnu við og á heimili Sigríðar Sigurjónsdóttur og fjölskyldu. Miðar fást við inngang og kosta 2.000 kr. en 1.500 kr. fyrir nemendur, eldri borgara og öryrkja.

### Viðburðir

**Hvað?** R1918 // Spjall í Klúbbnum // Artist talk
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klúbbur Listahátíðar í Reykjavík, Hafnarhúsinu
R1918 er stórt þátttökuverkefni sem hófst með örstuttum daglegum útvarpsþáttum á Rás 11. janúar 2018. Verkefnið nær hámarki sunnudaginn 10. júní með risastórum gjörningi sem fram fer í miðborg Reykjavíkur með aðkomu hátt í 200 almennra borgara. Í Klúbbi Listahátíðar, mánudaginn 11. júní klukkan 17 verður veitt innsýn í ferlið að baki þessu risavaxna verkefni með þátttöku lista- og fræðimanna sem komið hafa að R1918.

**Hvað?** 111 // Spessi // Listamannaspjall í Klúbbnum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Klúbbur Listahátíðar í Reykjavík, Hafnarhúsinu
Listamannaspjall með Spessa í Klúbbi Listahátíðar mánudaginn 11. júní klukkan 12. Stjórnandi er Einar Falur Ingólfsson, ljósmyndari og blaðamaður.

**Hvað?** Annika Sörenstam heldur golfsýningu á Nesvellinum
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Nesklúbburinn, Seltjarnarnesi
Sýnikennsla í golfi (golf clinic) verður í boði fyrir almenning á Nesvellinum mánudaginn 11. júní frá kl. 11.30-13.00. Allir eru velkomnir og við hvetjum ykkur til að fjölmenna á þennan sögulega viðburð. Síðast kom Jack Nicklaus til okkar á Nesið. Nú er komið að einum sigursælasta kylfingi sögunnar. Margfaldur Íslandsmeistari kvenna og PGA kennari, Ragnhildur Sigurðardóttir, býður Anniku velkomna og Ólafur Loftsson, margfaldur NK meistari og Íslandsmeistari karla, tekur þátt með Anniku. Að sögn Kristins Ólafssonar, formanns Nesklúbbsins, segir hann það fyrst og fremst vera heiður og mikla viðurkenningu fyrir klúbbinn að Nesvöllurinn hafi orðið fyrir valinu fyrir slíkan stórviðburð.

### Sýningar

**Hvað?** Gotti Bernhöft: Jörðin er blá & ekkert lengur má
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listamenn gallerí, Skúlagötu
Jörðin og við, núið og framtíðin. Gotti Bernhöft sýnir fjölda verka unnin á ólíkan hátt með mismunandi aðferðum og áherslum. Hvert verk stendur eitt og sér en segja má að heildin hverfist um okkur mannkynið í dag og jörðina í framtíðinni.

**Hvað?** Reykjavík 1918, sýning í Aðalstræti 10
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Aðalstræti 10
Ljósmyndasýningin Reykjavík 1918 í Aðalstræti 10 er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands og er styrkt af afmælisnefnd viðburðarins. Höfundur texta sýningarinnar er skáldið Sjón og kemst hann svo að orði um viðfangsefni sýningarinnar: „Er maður hugsar til fólksins sem lifði árið 1918 þykir manni ótrúlegt að það hafi haft tíma til þess að lifa svokölluðu venjulegu lífi, það hljóti að hafa verið of önnum kafið að takast á við hina sögulegu viðburði til þess að elska, vinna, dreyma og þjást. En líkt og við sjálf – sem einnig þykjumst lifa viðburðaríka tíma – átti það sér sína daglegu tilveru, í sinni litlu en ört vaxandi Reykjavík, og um það bera ljósmyndirnar á þessari sýningu vitni.“ Aðalstræti 10 er hluti af Borgarsögusafni – eitt safn á fimm frábærum stöðum.

**Hvað?** Street View (Reassembled) á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Listaverk finnska listamannsins Anssi Pulkkinen samanstendur af rústum heimila sem hafa verið fluttar frá Sýrlandi sjóleiðina til Evrópu. Efniviðurinn var keyptur af fyrri eigendum og fluttur burt með fullu samþykki þeirra. Um er að ræða steypt veggjabrot, s.s. stiga og hluta gólfs en ekki er mögulegt að átta sig á uppruna, nákvæmri staðsetningu eða sögu hússins út frá þessum brotum.

**Hvað?** Daniel Lismore
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Harpa
Daniel Lismore er listamaður, fatahönnuður, stílisti, rithöfundur og baráttumaður, búsettur í London. Tímaritið Vogue hefur útnefnt hann sem sérviskulegast klædda mann Englands og hann er þekktur fyrir íburðarmikinn og yfirgengilegan klæðnað sem sameinar á stórkostlegan máta hátísku og hans eigin hönnun, notuð efni, fundna hluti, hringabrynjur, skartgripi ólíkra menningarhópa, hattagerðarlist og margt fleira. Úr verður allsherjar tjáning óhefladrar skapandi orku.



# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Strákarnir**
**07.45** **The Middle**
**08.05** **2 Broke Girls**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Masterchef USA**
**10.15** **Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**11.00** **Empire**
**11.45** **Kevin Can Wait**
**12.10** **Léttir sprettir**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **The X-Factor UK**
**14.25** **The X-Factor UK**
**15.10** **The X-Factor UK**
**16.30** **Friends**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20** **Fréttayfirlit og veður**
**19.25** **Brother vs. Brother**
**20.10** **Fyrir Ísland** Nýir og skemmtilegir heimildarþættir í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Gummi Ben hittir leikmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu og kynnist strákunum okkar ásamt því að sjá hvernig þeir búa í heimi atvinnumannsins, æfa og spila. Hvers vegna er Ísland, minnsta þátttökuþjóð í sögu keppninnar, komið í úrslitakeppni HM í knattspyrnu? Strákarnir svara þessu og segja frá því sem þeir hafa þurft að leggja á sig frá unga aldri til að vera komnir á þann stað þar sem þeir eru núna. Þættirnir eru fjölbreyttir og veita áhorfendum persónulega innsýn í daglegt líf landsliðshetjanna okkar. Handrit er eftir Gumma Ben og Garðar Örn Arnarson sem jafnframt leikstýrir þáttunum.
**20.50** **Silent Witness**
**21.45** **Westworld**
**22.45** **S.W.A.T.**
**23.30** **60 Minutes** Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**00.15** **Timeless**
**01.00** **Born to Kill**
**01.50** **Six**
**02.35** **Wyatt Cenac's Problem Areas** Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatts Cenac sem á að baki langan feril sem handritahöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show. Hér vekur hann athygli á vaxandi samfélagslegum og menningarlegum vandamálum í Bandaríkjunum á sinn beinskeytta og hárbeitta hátt.
**03.05** **Knightfall**
**03.50** **Knightfall**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.20** **KR - FH**
**11.00** **Víkingur - ÍBV**
**12.40** **Grindavík - Breiðablik**
**14.20** **Pepsi-mörkin**
**15.40** **KR - FH**
**17.30** **Ísland - Slóvenía**
**19.40** **Formúla 1: Kanada - Kappakstur**
**21.50** **Fyrir Ísland**
**22.30** **Goðsagnir - Pétur Ormslev**
**23.05** **Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors**

## STÖÐ 3

**19.10** **Man Seeking Woman**
**19.35** **Last Man On Earth**
**20.00** **Seinfeld**
**20.25** **Friends**
**20.50** **Who Do You Think You Are?**
**21.35** **Famous in Love**
**22.20** **Divorce**
**22.55** **The Americans**
**23.50** **Supernatural**
**01.00** **Last Man on Earth**
**01.25** **Seinfeld**
**01.50** **Friends**
**02.15** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Hvellur keppnisbíll**
**07.37** **Ævintýraferðin**
**07.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00** **Stóri og Litli**
**08.13** **Tindur**
**08.27** **Zigby**
**08.38** **Mæja býfluga**
**08.50** **Kormákur**
**09.00** **Könnuðurinn Dóra**
**09.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00** **Áfram Diego, áfram!**
**10.24** **Svampur Sveinsson**
**10.49** **Lalli**
**10.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**11.00** **Strumparnir**
**11.25** **Hvellur keppnisbíll**
**11.37** **Ævintýraferðin**
**11.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**12.00** **Stóri og Litli**
**12.13** **Tindur**
**12.27** **Zigby**
**12.38** **Mæja býfluga**
**12.50** **Kormákur**
**13.00** **Könnuðurinn Dóra**
**13.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00** **Áfram Diego, áfram!**
**14.24** **Svampur Sveinsson**
**14.49** **Lalli**
**14.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**15.00** **Strumparnir**
**15.25** **Hvellur keppnisbíll**
**15.37** **Ævintýraferðin**
**15.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**16.00** **Stóri og Litli**
**16.13** **Tindur**
**16.27** **Zigby**
**16.38** **Mæja býfluga**
**16.50** **Kormákur**
**17.00** **Könnuðurinn Dóra**
**17.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**17.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00** **Áfram Diego, áfram!**
**18.24** **Svampur Sveinsson**
**18.49** **Lalli**
**19.00** **Skógardýrið Húgó**



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** **Fed Ex ST. Jude Classic**
**13.00** **ShopRite LPGA Classic**
**15.00** **Fed Ex ST. Jude Classic**
**20.00** **PGA Highlights**
**20.55** **ShopRite LPGA Classic**
**22.55** **PGA Highlights**
**23.50** **PGA Special: This is Mackenzie Tour**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.10** **The Duff**
**13.50** **Love and Friendship**
**15.25** **50 First Dates**
**17.05** **The Duff** Gamanmynd frá 2015 sem fjallar um menntaskólanema sem hristir upp í goggunarröðinni í félagslífinu eftir að hún kemst að því að hún hefur fengið á sig stimpilinn Duff (Designated Ugly Fat Friend) af fallegri og vinsælli vinum sínum. Bianca hefur aldrei gert sér háar hugmyndir um sjálfa sig heldur bara reynt að vera góð persóna sem gerir rétt bæði gagnvart sjálfri sér og öðrum.
**18.45** **Love and Friendship**
**20.20** **50 First Dates**
**22.00** **Independence Day: Resurgence** Spennumynd frá 2016 með Liam Hemsworth, Jeff Goldblum og Bill Pullman. Myndin gerist 20 árum eftir atburði fyrstu myndarinnar, metsölumyndarinnar Independence Day, og segir frá því þegar geimverurnar koma aftur til að ná yfirráðum hér á jörðu, af enn meira afli en síðast.
**00.00** **The Green Mile**
**03.05** **Blood Father**
**04.35** **Independence Day: Resurgence**

## RÚV

**16.20** **Leiðin á HM**
**16.50** **Áfram Ísland**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Elías**
**18.12** **Letibjörn og læmingjarnir**
**18.19** **Alvin og íkornarnir**
**18.30** **Millý spyr**
**18.37** **Uss-Uss!**
**18.48** **Gula treyjan**
**18.50** **Vísindahorn Ævars**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.00** **Sagan af simpansaunganum Canelle**
**21.00** **Njósnir í Berlín**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veður**
**22.20** **Knattspyrnulist**
**23.20** **Leiðin á HM**
**23.50** **Kastljós**
**00.05** **Menningin**
**00.10** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Dr. Phil**
**08.40** **The Tonight Show**
**09.20** **The Late Late Show**
**10.00** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.25** **King of Queens**
**12.50** **How I Met Your Mother**
**13.10** **Dr. Phil**
**13.50** **Superior Donuts**
**14.15** **Madam Secretary**
**15.00** **Odd Mom Out**
**15.25** **Royal Pains**
**16.15** **Everybody Loves Raymond**
**16.40** **King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Dr. Phil**
**18.15** **The Tonight Show**
**19.00** **The Late Late Show**
**19.45** **The Good Place**
**20.10** **Million Dollar Listing**
**21.00** **Hawaii Five-0**
**21.50** **Blue Bloods**
**22.35** **Valor**
**23.25** **The Tonight Show**
**00.45** **CSI**
**01.30** **This is Us**
**02.15** **For the People**
**03.05** **The Orville**
**03.50** **Scream Queens**
**04.40** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**FYRIR ÍSLAND**
KL. 20:10
Gummi Ben heimsækir strákana okkar og hitar upp íslensku þjóðina fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. Í þessum þætti heimsækir Gummi Ben Gylfa Þór Sigurðsson, dýrasta fótboltamann Íslandssögunnar og einn mikilvægasta miðjumann landsliðsins á HM. Ekki missa af strákunum okkar í skemmtilegum og líflegum þætti.

Magnað **Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**BROTHER VS. BROTHER**
KL. 19:25
Bræðurnir Jonathan og Drew taka hús algerlega í gegn frá grunni, hvor með sínu liði. Í lokin setja þeir húsin á sölu og sá sem græðir meira á sölunni stendur uppi sem sigurvegari.



**SILENT WITNESS**
KL. 20:50
Hörkuspennandi þættir frá BBC um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar óhugnanleg morð hafa verið framin.




**WESTWORLD**
KL. 21:45
Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðins-skemmtigarði en ógnvænlegur galli hefur komið í ljós.




**S.W.A.T.**
KL. 22:40
Hörkuspennandi þættir um Daniel Harrelson og félaga í sérsveit lögreglunnar í Los Angeles.




BÍÓ **INDEPENDENCE DAY: RESURGENCE**
KL. 22:00
Myndin gerist 20 árum eftir atburði fyrri myndarinnar og segir frá því þegar geimverurnar koma aftur til að ná yfirráðum hér á jörðu,



**DIVORCE**
KL. 22:20
Gamansamur þáttur um Frances sem fer að finna fyrir leiða í hjónabandinu og ákveður að söðla um og byrja nýtt líf án eiginmannsins.




Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

THULE® SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Ásgeir verður í kósí kassagítarfíling á landsbyggðinni í lok júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ásgeir Trausti fer hringinn og kynnir nýja plötu

**Ásgeir Trausti ætlar að pakka kassagítarnum niður í tösku og ferðast innanlands í sumar – hann tekur fjórtán gigg á sextán dögum víðsvegar um landið og er ætlunin kynna nýja tónlist sem kemur út von bráðar.**

Við ætlum að fara hringinn í kringum landið. Þetta byrjar 17. júlí. Við stoppum á fjórtán stöðum á sextán dögum. Þetta verður mjög lágstemmt. Hugmyndin er sú að fara þarna með tvo kassagítara – þetta verðum við Júlíus, gítarleikari og bakraddasöngvari, en við höfum oft tekið þessa uppstillingu áður og erum því nokkuð vanir. En við höfum aldrei gert eiginlegan túr úr því, þannig að þetta er fyrsta skiptið sem við gerum það,“ segir Ásgeir Trausti en hann ætlar að ferðast innanlands í sumar og syngja fyrir landsbyggðina.

„Ég fékk þessa hugmynd fyrir nokkrum vikum – mig langaði í raun bara að prófa þetta, þetta „format“ af túrum – þetta er svolítið öðruvísi þarna úti þegar við förum með allt bandið. Þá er þetta meira svona „show“ og við spilum á stærri stöðum. Mig langaði til að taka minni staði og vera nær fólkinu. Plús það að við erum að gera nýja plötu á íslensku sem kemur sennilega út mjög snemma á næsta ári.

> **ÉG FÉKK ÞESSA HUGMYND FYRIR NOKKRUM VIKUM – MIG LANGAÐI Í RAUN BARA AÐ PRÓFA ÞETTA, ÞETTA „FORMAT“ AF TÚRUM.**

Við erum búnir að vera að vinna í henni alveg frá ársbyrjun í rauninni og erum komnir svolítið á leið með hana – ég held að sumarið farið svolítið í að vinna að henni. Við ætlum þá líka að nýta þessa ferð í að kynna þau lög svona sem fyrsta „build up“ að þessari plötu.“

Ásgeir gaf síðast út plötu, Afterglow, árið 2017 og þá á ensku en síðustu tvær plötur hafa verið á þeirri annars ágætu tungu. Þetta gerir þá fyrstu plötu Ásgeirs síðan 2012 sem er á íslensku en það var auðvitað klassíkin Dýrð í dauðaþögn sem vann svo eftirminnilega hjörtu landsmanna.

Verður þessi nýja plata á lágstemmdu nótunum í takt við þema túrsins?

„Hugmyndin að þessari plötu byrjaði þannig að hún átti að vera lágstemmd og kassagítar-byggð, en ég held að hún verði svolítið í bland. Eftir að við fórum að vinna að henni áttaði ég mig á því að það gerði lögunum bara gott að stækka þau aðeins, en þau verða svona frekar í lágstemmdari kantinum.“

Ásgeir er búinn að vera að túra heiminn nánast stanslaust síðustu árin og búinn að stíga á svið í hverju skúmaskoti í öllum heimsálfum, þannig að það liggur við að spyrja hvort þetta sé svona smá léttir, hvort hann búist við að þetta ferðalag verði í rólegri kantinum.

„Ég hugsa það, það verður samt að koma í ljós. Þetta verður samt alveg svolítill túr – þetta eru alveg fjórtán gigg á sextán dögum – það er næstum gigg á dag. Þannig að þetta verður ekkert svo ósvipað, þannig lagað. En eins og ég segi, þetta verður lágstemmdara og þægilegra að því leytinu. Auðvitað minni ferðalög. Ætli þetta verði ekki minna vesen yfirhöfuð.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Gerðu gott mót betra með DORMA
ÁFRAM ÍSLAND
Smáratorgi | Holtagörðu... ureyri | Ísafirði



www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

HM-LEIKUR DORMA
Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur* lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp frá Samsung að verðmæti 199.995 kr.
Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn getur horft á útslitin í nýju sjónvarpi.



*Leikurinn stendur yfir fram yfir undanúrslit.

Þú getur valið um tvennskonar stillanlega botna

Charlotte Julien
Dream your world™



Alltaf DORMA verð

C&J stillanleg rúm:
- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor sem ekki þarfnast viðhalds

Perfect T



TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR
af Perfect T

Perfect T stillanlegt:
- Þráðlaus fjarstýring
- USB tengi
- Nudd
- LED lýsing
- Tveir hljóðlátir mótorar

Dorma býður fjórar tegundir heilsudýna sem sérstaklega eru ætlaðar í stillanleg rúm

SHAPE nú með 30% afslætti með stillanlegum botni
SHAPE DELUXE nú með 30% afslætti með stillanlegum botni
INFINITY nú með 20% afslætti með stillanlegum botni
SIMBA alltaf á DORMAVERÐI með stillanlegum botni

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast


17. JÚLÍ
BÆJARBÍÓ I HAFNARFJÖRÐUR
18. JÚLÍ
HENDUR Í HÖFN I ÞORLÁKSHÖFN
19. JÚLÍ
SKYRGERÐIN I HVERAGERÐI
20. JÚLÍ
MIDGARD BASECAMP I HVOLSVÖLLUR
21. JÚLÍ
VÍKURKIRKJA I VÍK Í MÝRDAL
22. JÚLÍ
HAVARÍ I BERUFJÖRÐUR
24. JÚLÍ
SEYÐISFJARÐARKIRKJA I SEYÐISFJÖRÐUR
25. JÚLÍ
SLÁTURHÚSIÐ I EGILSSTAÐIR
26. JÚLÍ
GAMLI BÆRINN I MÝVATNSSVEIT
27. JÚLÍ
RAUÐKA I SIGLUFJÖRÐUR
28. JÚLÍ
GRÆNI HATTURINN I AKUREYRI
29. JÚLÍ
ELDUR Í HÚNAÞINGI - ÁSBYRGI I LAUGARBAKKI
31. JÚLÍ
VAGNINN I FLATEYRI
01. ÁGÚST
FRYSTIKLEFINN I RIF
Hringsól
Ásgeir
RÁS 2
midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Guðmundar Brynjólfssonar



## Fitch

Í ónefndri skáldsögu gæti orðræða manns nokkurs byrjað svo: „Ég þekkti einu sinni matsmann í Strakónítz, hann var bróðir slátrarans sem kom gjarna til okkar í Bikarinn, en hvað um það, þessi matsmaður var óttalegur fábjáni …“

Maður er nefndur Fitch. Matsmaður í útlöndum. Hann metur og metur og gefur einkunn í bókstöfum og með allskonar útúrdúrum, líkt og hann hafi lært hjá Menntamálastofnun, þessu apparati sem er alltaf að breyta því hvað krakkar fá í einkunn þegar þau fá 8,0 í landafræði.

Það er mikil íþrótt að meta og ekki öllum gefið að ná árangri. Þar ber sérstaklega að taka tillit til þess að þeir ku bestir í mati sem almennt og frammi fyrir alþjóð og alheimi hafa haft hvað vitlausast fyrir sér í matsgjörðum sínum. Þannig er það einmitt með þennan Fitch. Hann mat hér allt í bak og fyrir á árunum fyrir hrun og sá ekkert nema sól í heiði og kríur á hreiðrum; hann gaf okkur A+++ og A-++ og AB+ og aldrei minna en ABBA. Svo fór allt til helvítis, það fór að rigna og kríurnar hröktust af hreiðrum undan vargi.

Og hvað gerði þá ekki herra Fitch? Jú, þá hættir bölvaður maðurinn að meta okkur samkvæmt viðurkenndum stöðlum og án samráðs við Menntamálaráðuneyti og undirstofnanir þess (923 að tölu) og fer að meta með alveg nýjum hætti. Hann mat okkur upp á nýtt og setti í Ruslflokk. Sem sagði manni það að Fitch var ekki alveg ókunnugur íslenska flokkakerfinu – þótt hann færi fínt með það þegar allt lék í lyndi.

Nú er melurinn Fitch aftur kominn af stað; fréttir herma að Fitch hafi staðfest lánshæfiseinkunn ríkissjóðs fyrir langtímaskuldir í erlendri mynt sem A.

Hann er aftur kominn í bókstafakerfið – þessi Fitch frá Strakónítz!








